

# Skýrsla stjórnar HSP á ársþingi 2015

## Ágætu félagar

Hjartanlega velkomin á ársþing HSP sem haldið er í Skúlagarði 15. mars 2015. Það er gaman að rifja upp starfsemina frá aldarafmælisárinu 2014. Það sem þó stendur uppúr er öll sú samvinna, velviljan, hlýja og kraftur sem einkenndi starfsárið 2014.



## Aldarafmælisárið

Frá síðasta ársþingi hefur átt sér gríðarmikið starf og skemmtilegir viðburðir í tengslum við aldarafmælisár HSP. Eitt af verkefnum var að gefið var út Landsmótsblað með sögum úr starfinu, upplýsingum um Landsmót UMFÍ 50+ og fjölmörgum afmælskveðjum frá einstaklingum og fyrirtækjum úr héraði. Blaðið gaf okkur vel í aðra hönd, en fjáröflun var mikilvæg fyrir viðburði aldarafmælisársins og var stór hluti af starfi stjórnar á síðasta ári. Í júní var svo haldið Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík. Þar var boðið uppá keppni í 16 greinum, heilsufarsmælingar og ýmsa afþreyingu. Fjölmargir sjálfboðaliðar lögðu þar hönd á plóg til að gera mótið einkar glæsilegt og eftirminnilegt. Um 400 keppendur tóku þátt og þar af um 70 Þingeyingar. Allir keppendur HSP fengu HSP boli og margir keyptu sér HSP jakka. Því var auðvelt að fylgjast með Þingeyingum sem skörtuðu félagsbúningum í keppninni. Afhjúpaður var bautasteinn með minnismerkjum um þau landsmót sem haldin hafa verið á Húsavík, en það eru Landsmót UMFÍ sem haldið var árið 1987 og Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið var síðast liðið sumar. Plattarnir á steininn voru gjöf frá UMFÍ með þakklæti fyrir framlag HSP til landsmótanna. Mikil fjáröflun átti sér einnig stað fyrir Landsmót UMFÍ 50+ og skilaði góðum hagnaði.

Sögunýning HSP var í Safnahúsinu á Húsavík frá júní og til loka júlí. Hluti af afmælisnefndinni auk stjórnar HSP komu að uppsetningu hennar, en fjöldi gesta sótti sýninguna heim. Mikið af munum og myndum úr starfi HSP skilaði sér á sýninguna, en sýningargestir voru duglegir að bæta við munum meðan á henni stóð.

Um verslunarmannahelgina fórum við með fríðan hóp á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki. Þetta árið gátum við niðurgreitt keppnisgjöldin um helming með styrk frá Landflutningum – Samskipum. Sá styrkur kom mörgum fjölskyldum vel. Veitingar í HSP tjaldinu voru með veglegra móti þetta árið vegna afmælisársins. Keppendur og fjölskyldur þeirra voru HSP til sóma og komum við með glæsta sigra heim í hérað. Nýbreytni var á þessu Unglingalandsmóti, en keppt var í tölvuleiknum FIFA og vorum við engir eftirbátar þar og áttum nokkur lið í keppninni. Á hverju vori er sent út bréf til foreldra / forráðamanna barna sem verða 11 ára á árinu þar sem þeim er bent á þetta flotta mót sem góðan kost um Verslunarmannahelgi. Nýliðun er alltaf þó nokkur á hverju ári meðal keppenda HSP.

Á haustdögum var mikið lagt í að undirbúa aldarafmælishátíð HSP sem haldin var á Laugum 2. nóvember. Hátíðin var vegleg í alla staði og þrátt fyrir vont veður þennan dag komu ríflega 400 gestir á hátíðina. Þeir sem komu að hátíðinni gáfu vinnu sína, ómetanlegt er hvað félagar HSP eru tilbúnir að leggja á sig til að gera viðburði félagsins eins glæsta og tókst á síðasta ári. Gefinn var út DVD diskur með myndbrotum frá þeim Landsmótum UMFÍ sem haldin hafa verið á vegum HSP. Þar ber að líta mörg skemmtileg tilbrigði, glæsta sigra og veglegar hátíðir. Nokkur eintök eru eftir af þessum diskum, en hann

var til sölu á afmælishátíðinni. Aldarafmælisrit HSP leit svo dagsins ljós í desember. Ritun bókarinnar hafði þá staðið yfir í rúmt ár. Björn Ingólfsson var ritstjóri bókarinnar og hélt utan um verkið af myndarbrag. Hann var ötull við að hvetja menn áfram við skrifin og afla mynda og minninga sem komu í bókina. Gefin voru út 400 eintök og náði fyrstu eintökin inn á heimili þeirra sem voru búnir að panta í forsölu rétt fyrir jólin. Tæpara mátti það ekki standa að ná að koma ritinu í verslanir rétt fyrir jólin. Enn eru þó nokkur eintök eftir, en með öflun styrkja tókst að niðurgreiða verkið verulega. Með hverju eintaki fylgir lykklakippa með merki HSP. Allir sem komu að ritun aldarafmælisritsins gáfu vinnu sína og ber vott um sanna sjálfbodaliða sem unna héraðssambandi sínu. Óhætt er því að segja að árið 2014 var ár sjálfbodaliðanna hjá HSP. Án þeirra hefðum við aldrei getað framkvæmt alla þá glæstu viðburði og komið út bæði blaði og bók á einu ári. Ljóst er að Þingeyingar eiga enn þann kraft sem býr í sjálfbodaliðunum og ber að halda því á lofti. Stjórnin vill þakka öllum þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem komu að starfi sambandsins á aldarafmælisárinu.

## **Fundir**

Meðfram þeim verkefnum sem tengdust afmælisárinu var starf stjórnar hefðbundið. Fundir voru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og tveir yfir sumartímann. Veðrið var stundum að stríða okkur og gerði það að verkum að fella þurfti niður fundi og finna nýja tíma fyrir þá. Mikið af samskiptum stjórnar fer fram með tölvupóstum þar sem langt er á milli manna. Mikilvægt er þó að hittast í hverjum mánuði og ná þannig samfellu í starfinu. Formannafundur var haldinn í lok maí þar sem farið var yfir komandi verkefni, nefndarstarf HSP og smá fræðsla á verkefnum UMFÍ og ÍSÍ. Að venju þurfti að minna nokkur aðildarfélög á að skila skýrslum í Felix, en því miður lenda alltaf einhver félög í því að missa keppnisrétt sinn vegna vanskila þar. Skilafrestur í Felix er alltaf 15. apríl og því gott fyrir aðildarfélögin að temja sér að hafa þessa dagsetningu á hreinu og standa skil á skýrslum sínum fyrir þann tíma.

Stjórnarmenn HSP sóttu íþróttaping ÍSÍ, formannafund UMFÍ og ÍSÍ, sambandsráðsfund UMFÍ, auk fjölda annarra óformlegri funda og samstarfs við ÍSÍ og UMFÍ á árinu.

## **Mótahald**

Frjálsíþróttaráð hélt innanhússmót á Húsavík í mars, frjálsíþróttaskóla á Laugum í júní, sá um frjálsíþróttahluta Landsmóts UMFÍ 50+, hélt Sumarleika HSP í júlí á Laugum og innanhússmót á Húsavík í nóvember. Sumarleikarnir voru vel sóttir og komu keppendur víða að. Sumarleikarnir verða vinsælli með hverju árinu og hafa notið þátttöku frjálsíþróttafólks í fremstu röð. Ljóst er að þetta er mót sem þarf að hlúa að og vanda til verka svo fagmennskan trekki að keppendur líkt og verið hefur. – Sjá nánar í skýrslu frjálsíþróttaráðs.

Héraðsmót í sundi var haldið á Laugum í október og gekk hratt og vel fyrir sig.

Héraðsmót í skák var haldið á vegum Skákfélagsins Hugins, en mikil gróska er í skákíþróttinni í héraði og er það orðið annað stærsta aðildarfélag innan HSP.

Kæru félagar, fyrir hönd stjórnar HSP þakka ég fyrir skemmtilegt og viðburðaríkt aldarafmælisár og þá gríðarlegu sjálfbodavinnu sem þið skiluðu á árinu 2014.

*Jóhanna S. Kristjánsdóttir*  
*formaður HSP*

# Starfskýrslur ráðs og nefnda 2014

## **Afmælisnefnd HSP og Sögu og minjanefnd HSP**

Þessar tvær nefndir störfuðu saman á árinu enda voru sömu aðilar í þeim báðum og var ekki gerður greinamunur á því í hvorri nefndinni starfað var. Framkvæmdastjóri HSP og formaður HSP störfuðu mikið með nefndunum. Í þeim voru Haraldur Bóasson, Hólmfríður Halldórsdóttir, Stefán Eggertsson, Brynjar Halldórsson, Björn Ingólfsson og Arngrímur Geirsson. Þá starfaði Þormóður Ásvaldsson með nefndinni við val á myndum til að nota í útgáfu bókar. Haldnir voru þrjár formlegir fundir en annars störfuðu nefndarmenn mikið sjálfstætt að undirbúningi stóru verkefnanna sem voru að setja upp sögu-sýningu á Safnahúsinu á Húsavík undirbúa afmælishátíð HSP að hausti og gefa út bók um sögu HSP í 100 ár. Björn Ingólfsson var skipaður ritstjóri bókarinnar og fengnir voru þeir Höskuldur Þráinsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Arngrímur Geirsson, Arnór Benónýsson Brynjar Halldórsson, Steinþór Þráinsson og Jóhanna Kristjánsdóttir til að skrifa kafla í bókina með Birni. Mikil vinna var hjá Birni að ganga frá bókinni og velja myndir í hana en búið var að safna gömlum myndum víða að. Á hann miklar þakkir skildar fyrir mikið og óeigingjarnt starf. Ákveðið var að afmælishátíðinni yrði gerð skil í bókinni og samt kæmi hún út fyrir jól og tókst það. Afmælishátíðin var haldin í Íþróttahúsinu á Laugum 2. nóvember frá kl. 14 – 18. Tókst hún með miklum ágætum og voru yfir 400 manns á samkomunni. Skemmtidagskráin þótti einstaklega góð. Karlaþórinn Hreimur og Söngfélagið Sálubót sungu, bæði sér og saman í lokin. Ræður voru haldnar, glímusýning, þjóðdansasýning og HSP fékk margar gjafir. Veislukaffi var í umsjá Kvenfélags Reykdæla. Átta einstaklingar fengu heiðursmerki HSP. Gert var myndband af hátíðinni til minja um þennan merka viðburð og er hægt að skoða það á heimasíðu HSP. Einnig var gefinn út DVD diskur með gömlum upptökum af landsmótum sem HSP hefur haldið og er til sölu á skrifstofu HSP. Öll stjórn HSP kom að hátíðinni og setti upp hluta sögusýningarinnar sem var í Safnahúsi Húsavíkur um sumarið. Sýningin samanstóð af gömlum myndum og munum í eigu sambandsins með áherslu á landsmót og ólympíufara.

Það er óhætt að segja að sýningin, bókin og afmælishátíðin hafi verið HSP til mikils sóma og vil ég þakka þeim Birni Ingólfssyni, Jóhönnu Kristjánsdóttur og Elínu Sigurborgu Harðardóttur sérstaklega fyrir mikið og gott starf.

*Haraldur Bóasson  
formaður nefndanna*

## **Almenningsíþróttanefnd HSP**

Almenningsíþróttanefnd hittist tvisvar á árinu og var síðan í samskiptum í gegnum síma og tölvupósta. Í tilefni að 100 ára afmæli HSP var Almenningsíþróttanefnd falið að vinna að skipulagi á áheitamaræðni. Markmiðið með áheitamaræðninu er að vekja athygli á 100 ára afmæli HSP og Landsmóti UMFÍ 50+ á Húsavík 20.-22. júní, auk þess að vera góð fjáröflun fyrir aðildarfélögin. Gert var ráð fyrir að öll maræðnin færu fram sama dag eða 24. maí.

Öll aðildafélög voru hvött til að taka þátt í maraþoninu og hvert félag átti að skipuleggja hvað skyldi vera gert á sínu starfssvæði, svo sem golfmaraþon, dansmaraþon, reiðmaraþon, hlaupmaraþon og svo framvegis. Óskað var eftir að þau félög sem hefðu áhuga á að taka þátt myndu tilkynna þátttöku til Fridu Elisabeth, í Almenningsíþróttanefnd, fyrir 22. maí. Lítil sem engin áhugi var hjá félögunum að taka þátt í áheitamaraþoninu og vegna þess varð ekkert úr þessum viðburði.

Almenningsíþróttanefnd var falið að velja tvö fjöll í tengslum við verkefnið “Fjölskyldan á fjallið“. Í ár varð fyrir valinu Gunnólfsvíkurfjall og Eyjan í Ásbyrgi. Tvær skemmtilegar en ólíkar gönguleiðir og mis léttar. Laugardaginn 3. maí var gengið fyrirpart dags á Gunnólfsvíkurfjall og síðar um daginn var gengið á Eyjuna í Ásbyrgi. Gestabók og póstkassa var komið fyrir á báðum stöðum.

*Almenningsíþróttanefnd HSP*  
*Guðrún Brynleifsdóttir, Mývatnssveit.*  
*Olga Gísladóttir, Kópasker.*  
*Frida Elisabeth Jørgensen, Rauфарhöfn.*

## Frjálsíþróttaráð HSP 2014

Árið 2014 var viðburðarríkt og gott ár fyrir iðkendur í frjálsum íþróttum. Hér verður farið yfir það sem frjálsíþróttaráð hefur unnið að á árinu. Þess má geta að við höfum tekið í notkun nýja heimasíðu og er slóðin [www.frjalsar.hsth.is](http://www.frjalsar.hsth.is)

Tvær æfingar eru innanhúss fyrir bæði eldri iðkendur og yngri í hverri viku á Húsavík. Ein æfing var innanhúss í viku á Laugum fyrri hluta árs en vegna góðrar þátttöku var ákveðið að hafa tvær æfingar innanhúss í vetur. Æfingar utanhúss hófust á Laugavelli um miðjan maí og voru tvær æfingar í hverri viku, þessar æfingar voru mjög vel sóttar. Ákveðið var að bjóða upp á útiæfingar fyrir yngri iðkendur á Húsavíkuvelli en vegna dræmrar þátttöku gekk það því miður ekki.

Í janúar fórum við með 10 keppendur á ÍR-mótið í Reykjavík. Góður árangur náðist og 2 verðlaunapeningar í hús. Meistaramót Íslands 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram í febrúar og var það einnig í Reykjavík. Fimm keppendur fóru frá HSP og voru fjögur þeirra að fara á sitt fyrsta Íslandsmeistaramót. Meistaramót 11-14 er stigamót þar sem 10 efstu sætin í hverri grein fá stig. Samtals fengu keppendur HSP 13 stig fyrir HSP en engin verðlaunasæti náðust að þessu sinni. Ekki það að verðlaunapeningar skipti öllu máli heldur er þessi árangur frábær þar sem þau æfa oftast nær ekki nema einu sinni í viku á meðan jafnaldrar þeirra úr öðrum félögum æfa við bestu aðstæður þrisvar sinnum í viku eða oftár. Þetta sýnir að þrátt fyrir mikinn aðstöðumun eiga þau fullt erindi á svona mót sem gefur þeim einnig hvatningu til að halda áfram að æfa. Enginn keppandi fór á mí 15-22 ára að þessu sinni. Marsmót var haldið í íþróttahöllinni á Húsavík og var að venju fjölmennt og fór vel fram. Keppendur frá Dalvík settu svip á mótið.

Akureyrarmót UFA í frjálsum íþróttum var haldið í lok apríl í Boganum á Akureyri. HSP átti þar 13 keppendur á aldrinum 11-16 ára. Ákveðið var að leigja sal og gista nóttina fyrir mót til að hrista hópinn saman fyrir mótið því ekki er síður mikilvægt að hittast og kynnast utan vallar. Þetta var

skemmtileg kvöldstund og margt var brallað. Árangur af mótinu var mjög góður 15 verðlaunasæti náðust. Frjálsíþróttaskólinn var haldin 10. júní á Laugum og voru 10 krakkar á aldrinum 10-13 ára skráðir. Frjálsíþróttaráð sá um framkvæmd skólans en Brói stjórnaði æfingunum. Einnig fengum við Hafðísi Sigurðardóttur til að koma og sjá um tvær æfingar og spjalla við krakkana eftir æfingu.

Frjálsíþróttaráð sá um frjálsíþróttakeppni á Landsmóti 50+ sem var haldið á Húsavík í sumar og voru iðkendur duglegir að starfa með okkur við framkvæmd mótsins. Sumarhátíð UÍA var haldin á Egilsstöðum í byrjun júlí og þangað fóru 7 keppendur frá HSP. Þau náðu góðum árangri sem merkja má af því að þau fengu 31 verðlaunapening. Auk þess vann Arna Dröfn Sigurðardóttir bikar fyrir stigahæsta afrek mótsins af kvenkyns keppendum.



Sumarleikar HSP fóru fram á Laugavelli í júlí. Alls voru það 34 keppendur frá HSP sem kepptu á sumarleikunum og náðust 35 verðlaunasæti og einnig áttum við eina boðhlaupssveit á palli.

Á sumarleikunum skoraði Brói þjálfari á Þorsteinn Ingvarsson í 60 m. hlaupi en Brói átti í sumar 50 ára keppnisafmæli í frjálsum íþróttum. Þorsteinn vann eins og vænta mátti, en þess má geta að Brói hljóp á 10,10 sek.

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum 11-14 ára fór fram á Þórsvelli á Akureyri um miðjan ágúst. 13 keppendur fóru frá HSP og urðu þau í 5. sæti í heildarstigum mótsins, flottur árangur. Á mótinu varð Guðni Páll Jóhannesson 11 ára keppandi HSP íslandsmeistari í kúluvarpi þar sem hann kastaði kúlunni 8.06 metra. Alls komu 7 verðlaunasæti í hlut HSP. Enginn keppandi fór frá HSP á mí 15-22 ára. HSP átti 24 keppendur í frjálsum íþróttum á unglíngalandsmótinu á Sauðárkróki. Keppendur HSP fengu 8 verðlaunapeninga og tvær boðhlaupssveitir komust á pall. Unglíngalandsmót er farið að skipa stóran sess hjá mörgum fjölskyldum keppenda HSP enda er þetta hin besta fjölskylduskemmtun og frábær stemming ætíð í hópnum.

Í lok ágúst hélt frjálsíþróttaráð lokahóf eftir gott sumar. Haldið var lítið frjálsíþróttamót á Laugavelli og á eftir voru grillaðir hamburgarar ofan í iðkendur og gesti. Brói þakkaði iðkendum í frjálsum fyrir sumarið og sagði þau hafa staðið sig með sóma sem fyrr og verið sér og sínum til fyrirmyndar hvar sem þau komu. Í lokin voru veittir bikarar fyrir stigahæstu keppendur HSP á Sumarleikunum, en það voru þau Arna Dröfn Sigurðardóttir og Heimir Ari Heimisson sem hlutu þá.

Ákveðið var að breyta út af venju og halda Nóvembermót frjálsíþróttaráðs á Laugum í stað Húsavíkur. Þrjú héraðsmet voru slegin á þessu móti öll í 30 m. spretti.

Einnig er ýmislegt sem frjálsíþróttaráð fæst við sem er kannski ekki eins sýnilegt. Mikill tími fer í að skipuleggja fyrir mót, sérstaklega þegar þau eru haldin í Reykjavík. Það þarf að panta gistingu, bíl og skrá keppendur svo eitthvað sé nefnt. Passa að allir mæti á réttum tíma í veg fyrir bíla og að allir séu sóttir o.s.fr.



Við frjálsíþróttaskólann erum við með sólarhrings vakt sem er oft erfitt að manna vegna vinnu hjá foreldrum. Sumarleikarnir eru orðnir með vinsælli mótum sumarsins hjá nágrannaliðum okkar UFA,UMSE,UMSS og UIA og er það fyrst og fremst fyrirgott skipulag við mótið. En það þarf að passa að allt gangi upp, það þarf að vigta öll keppnisáhöld, búa til kastgeira á völinn, fá starfsfólk, versla í sjoppu, reisa tjald, fá áhöld og rafmagnstæki lánuð. Á Sumarleikana þarf um 30 sjálfboðaliða til að starfa við mótið. Einnig þarf alltaf að vera með auga fyrir styrkjum og sækja um þá þó þeir skili sér sjaldnast. Svára tölvupóstum tekur líka dagóðann tíma sem og símtöl í kringum hvert mót. Dagatal Frjálsíþróttaráðs er okkar helsta fjáröflun og mikil vinna er við að safna styrkjum á dagatalið. En styrkina notum við til að greiða niður prentkostnað. Mikið umfang er einnig í kringum reikninga frjálsíþróttaráðs. Það þarf að borga mótssgjöld, rukka fyrir æfingargjöld, borga laun og borga svo alla reikninga sem berast. Við höfum reynt að vera duglegar að minna á okkur með því að skrifa í fjölmiðla á svæðinu. Einnig þarf að skila skýrslum eins og þessa og það þarf að skila skýrslu eftir frjálsíþróttaskólann. Frjálsíþróttaráð notar mest tölvupóst í sínum samskiptum þar sem um talsverðar vegalengdir er að ræða og ólíkur vinnutími þá getur oft verið snúið að koma saman til að funda. Að lokum viljum við þakka öllum iðkendum og þjálfurum fyrir skemmtilegt ár og foreldrum fyrir aðstoð á mótum . Einnig viljum við þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur í frjálsum á undanförunum misserum og minnum á dagatalið okkar.

Hulda Elín Skarphéðinsdóttir formaður

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir gjaldkeri

Magnea Dröfn Arnardóttir ritari

Jóhanna Svava Sigurðardóttir meðstjórnandi

María Sigurðardóttir meðstjórnandi

# Knattspyrnunefnd HSP

Knattspyrnunefnd hittist nokkuð oft á árinu og þar sem allir aðilar í nefndinni voru skipaðir frá Ungmennafélagi Langnesinga.

Knattspyrnunefnd reyndi tvisvar sinnum að halda hérðasmót í knattspyrnu á árinu. Öll aðildafélög voru hvött til að taka þátt í mótinu. Boði var uppá gistingu á Þórshöfn í bæði skiptin en hugsunin var ekki eingöngu að spila fótbolta því ýmislegt annað átti að vera í boði s.s. ball/kvöldvaka, sund og fleira. Óskað var eftir að þau félög sem hefðu áhuga á að taka þátt myndu tilkynna þátttöku til formanns nefndarinnar. Lítil sem engin áhugi var hjá félögum að taka þátt í þessum verkefnum og vegna þess varð ekkert úr þessum mótum. Fleira var ekki gert hjá nefndinni.

## Knattspyrnunefnd HSP

Þorsteinn Ægir Egilsson formaður

Hulda Kristín Baldursdóttir

Oddný Kristjánsdóttir

# Landsmótsnefnd 50+

## Eftirfarandi aðilar skipuðu nefndina:

Bergur Elías Ágústsson, fulltrúi Norðurþings, formaður

Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir, fulltrúi HSP, varaformaður

Hermann Aðalsteinsson, fulltrúi HSP og Þingeyjarsveitar, ritari

Anna Sigrún Mikaelisdóttir, fulltrúi eldri borgara

Hjálmar Bogi Hafliðason, fulltrúi Norðurþings

Thorhildur G Sigurðardóttir, fulltrúi HSP

Baldur Daníelsson, fulltrúi UMFÍ

Magnús Þorvaldsson, fulltrúi HSP, gjaldkeri

## Starfsmenn nefndarinnar voru:

Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Landsmóts UMFÍ 50+

Elín Sigurborg Harðardóttir, framkvæmdastjóri HSP

Mót eins og Landsmót UMFÍ 50+ krefst mikils undirbúnings og tók nefndin í raun til starfa í byrjun ársins 2013. Haldnir voru samtals ellefu skipulagðir fundir fyrir utan fjölmargra óformlegra funda. Nefndin var staðráðin í að vera okkar héraði til sóma og mikill hugur var í fólki í byrjun ársins 2014 þegar loksins var komið að því að bretta upp ermarnar.

Í byrjun mars var haldin opin kynning á landsmótinu í Íþróttahúsinu á Húsavík, þar sem kynntar voru nokkrar keppnisgreinar ásamt því að sýna flott og hvetjandi myndskreið af fyrri landsmótum UMFÍ 50+, haldinn var fyrirlestur um heilbrigðan lífstíl, „Heilsutríóið“ tók nokkur skemmtileg lög og að lokum skrifuðu HSP, UMFÍ, Norðurþing og Þingeyjarsveit undir samstarfssamning. Tilgangur kynningarinnar var að hvetja fólk í héraði til að taka þátt þar sem þátttaka fólks af norðurlandi hafði verið dræm á síðustu mótum. Hluti nefndarinnar réðst í það verkefni að gefa út Landsmóts- og afmælisblað HSP og var því dreift á öll heimili og fyrirtæki í héraði í byrjun júní. Tilgangurinn var að kynna bæði landsmótið og afmælisárið. Blaðið þótti einstaklega vel heppnað og fjölmörg fyrirtæki styrktu útgáfuna, meirihlutinn fyrirtæki í héraði.

Landsmótið var haldið dagana 20. – 22. júní. Aðstaðan á Húsavík er nokkuð góð til að taka á móti Landsmóti UMFÍ 50+ og það eina sem þurfti verulega að lagfæra var frjálsíþróttavöllurinn. Sundlaugin er reyndar ekki í löglegri keppnisstærð en það stoppar ekki sundkeppni og þríþraut. Önnur aðstaða eins og íþróttahúsið, skólahúsnæði og útsvæði var mjög góð. Allar greinar voru nánast í göngufæri frá hvor annarri, nema skotfimi, golf og bogfimi. Í upphafi hafði staðið til að keppni í þremur greinum færi fram á Laugum í Reykjadal, en ekkert varð úr keppni í hestaíþróttum vegna þátttökuleysis, keppni í þríþraut þótti koma betur út á Húsavík og þar með fluttist keppnin í bogfimi einnig. Boðið var upp á keppni í tveimur nýjum íþróttgreinum, skotfimi og bogfimi, en þar að auki var ákveðið að prófa keppni í stígvélakasti, sem reyndist verulega skemmtileg nýjung.

Mjög gott fólk var fengið til að halda utan um allar keppnisgreinarnar enda tókst framkvæmd keppni í hverri grein fullkomlega upp. Engar alvarlegar tafir urðu á keppni sem er mjög mikilvægt. Góðir sjálfboðaliðar eru alveg ómetanlegir og eiga þeir þakkir skildar fyrir sitt mikla vinnuframlag. Þátttaka var nokkuð góð í flestum greinum, en keppni féll niður í hestaíþróttum og jurtagreiningu og óvenju fá blaklið skráðu sig til leiks. Ánægjulegt var að sjá hversu margir kepptu í þríþraut en það er grein sem hefur átt erfitt uppdráttar á Landsmóti UMFÍ 50+. Þær greinar sem var hvað mest þátttaka í voru boccia, bridds, pútt, golf, frjálssar og sund.

Sjá nánar í sérstakri skýrslu um Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík 2014.

Elín Sigurborg Harðardóttir, framkvæmdastjóri HSP



# Unglingalandsmótsnefnd 2014

Unglingalandsmótsnefnd 2014 skipuðu Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir og Birna Björnsdóttir.

Í maí 2014 var sent út bréf til allra foreldra og forráðamanna barna sem urðu 11 ára á árinu með kynningu á mótinu og hvatningu til að mæta um verslunarmannahelgina og taka þátt í unglíngalandsmótinu sem fram fór á Höfn í Hornafirði. Einnig voru sendar út auglýsingar með netpósti og í auglýsingapésúsum á starfssvæði HSP.

HSP fór með fríðan flokk barna og ungmenna, eða 59 keppendur og fjölmarga áhangendur. Þingeyingar kepptu í frjálsum íþróttum, glímu, knattspyrnu, körfubolta, skák, golfi, bogfimi, stafsetningu, upplestri, eggjakökugerð, strandblaki og tölvuleik (FIFA). Flestir keppendur HSP voru í frjálssíþróttum eða 24. Keppendur HSP náðu mjög góðum árangri á mótinu og náðu nokkrir sínum persónulegu metum. Einn besti árangur HSP var í bogfimi, en mikil gróska er í þeirri íþrótt meðal Þingeyinga. Þeir keppendur HSP sem unnu til verðlauna voru:

## **Bogfimi**

12-14 ára: Pétur Smári Víðisson 3. sæti.

15-18 ára: Ásgeir Ingi Unnsteinsson 1. sæti, Jóhannes Friðrik Tómasson 2. sæti og Guðný Jónsdóttir 3. sæti.

## **Frjálssíþróttir:**

Piltar 11 ára: Ari Ingólfsson 3. sæti í kúluvarpi og 2. sæti í spjótkaсти.

Piltar 13 ára: Páll Vilberg Róbertsson 3. sæti í kúluvarpi.

Piltar 14 ára: Eyþór K. Ingólfsson 2.-3. sæti í hástökki.

Stúlkur 16-17 ára: Arna Dröfn Sigurðardóttir 3. sæti í 100 m hlaupi.

Stúlkur 18 ára: Dagbjört Ingvarsdóttir 2. sæti í langstökki.

Piltar 18 ára: Hjörvar Gunnarsson 3. sæti í hástökki og 3. sæti í 800 m hlaupi.

## **Glíma:**

Stúlkur 15 ára: Rakel Ósk Jóhannsdóttir 1. sæti.

## **Strandblak:**

Strákar 16-18 ára: Beach Boys (HSP) – Elvar Baldvinsson og Freyþór Hrafn Harðarson 1. sæti.

Stúlkur 16-18 ára: Bleiku kamelljónin – Kristín Kjartansdóttir og Jana Björg Róbertsdóttir 3. sæti.

Nánari úrslit er hægt að nálgast á [www.ulm.is](http://www.ulm.is).

Unglingalandsmótið er fyrir 11-18 ára, en einnig er sett upp lítið frjálsíþrótt- og knattspyrnumót fyrir 10 ára og yngri. Þar tóku systkini keppenda virkan þátt og höfðu gaman af. Keppnisgjald var niðurgreitt um helming, eða kr. 3.000,- á hvern keppanda. Styrkur frá Landflutningum-Samskipum var notaður til að fjármagna þennan styrk til keppenda. HSP tjaldið var sett upp eins og áður, en nú var meira um veitingar sem mæltust vel fyrir meðal keppenda og aðstandenda þeirra. Unglingalandsmótið hefur sannað sig enn og aftur fyrir að vera eitt merkasta forvarnarverkefni sem fyrirfinnst á Íslandi þessa dagana. Höldum áfram að sameinast um að fara með börnum okkar og unglungum á unglungalandsmótin um verslunarmannahelgar – þetta er frábær fjölskyldu- og íþróttahátíð. Unglingalandsmótsnefnd HSP þakkar keppendum, aðstandendum og velunnurum HSP fyrir þátttöku og skemmtilega keppni á ULM 2014. HSP félagar voru duglegir að taka þátt og hvetja hvert annað og einkenndist keppnin af samkennd, drengskap og gleði. Við hlökkum til að sjá ykkur að ári á ULM 2015 á Akureyri um verslunarmannahelgina.

F.h. unglungalandsmótsnefndar

Jóhanna S. Kristjánsdóttir

## Fræðslusjóður HSP

Stjórn HSP annast úthlutanir úr sjóðnum, en markmið hans er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi – með öllum þeim ráðum sem stjórn sambandsins álitur íþrótt- og félagslífi í héraði til framdráttar.

Eingöngu bárust tvær umsóknir í Fræðslusjóðinn árið 2014 og samtals greitt úr sjóðnum 75.000,- kr.

Tvær ungar stúlkur fóru í ungmennabúðir í Arendal í Noregi um mánaðarmótin júlí-ágúst, en þessar búðir voru haldnar af Nordisk Samorganisasjon for Ungdomsarbeid, NSU og UMFÍ er aðili að.

Anna Karen Unnsteinsdóttir 37.500,- kr

Eva Sól Pétursdóttir 37.500,- kr

# Starfsskýrslur aðildarfélaga

## Skráð óvirk félög árið 2014

Boltafélag Húsavíkur  
Umf Bakkafjarðar  
Umf Reykhverfinga

## Eftirfarandi félög sendu ekki starfsskýrslu fyrir árið 2014:

Golfklúbburinn Gljúfri  
Golfklúbbur Húsavíkur  
Íþróttafélag Laugaskóla  
Umf Afturelding  
Umf Gaman og alvara  
Umf Snörtur  
Umf Tjörnesinga  
Umf Öxfirðinga

## **Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar**

Árið 2014 var stjórn félagsins þannig skipuð:

Formaður: Stefán Gunnarsson

Gjaldkeri: Kristján Steingrímsson

Ritari: Yngvi Ragnar Kristjánsson

Samkvæmt Felix félagakerfi ÍSÍ eru nú samtals 44 félagar í Akstursíþróttafélaginu. Félagið stendur vel fjárhagslega og er skuldlaust. Verkefni félagsins á árinu voru færri en mörg undanfarin ár, en þar munar mest um að ekki voru haldin nein vetrarmót í akstursíþróttum á Mývatni.

Er leið að sumri kom að keppni á vegum MSÍ í enduro og motocrossi. Nokkrir félagar Akstursíþróttafélagsins keppa í þessum íþróttagreinum og fór keppnishaldið fram víðsvegar um landið. Uppspera Akstursíþróttafélagsins af sumariþróttunum varð þökkaleg, en ekki náðust neinir Íslandsmeistararitlar á þessu ári. Motocrossbraut félagsins við Svörtuborgir var ekki í mikilli notkun á árinu og þarf að finna rekstri brautarinnar betri farveg til framtíðar.

Mývatnssveit 9. mars 2015

Stjórn Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar

# Golfklúbburinn Hvammur

Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Barna- og unglíngastarf var með sambærilegu sniði og árið áður. Mótahald var heldur öflugra en árið á undan enda ekki úr háum söðli að falla hvað það varðar. Ástand golfvallar klúbbsins var vel viðundandi á síðasta sumri og lítið um kalskemmdir. Nokkuð var unnið í endurbótum á vellinum en slík vinna hefur verið í lágmarki undanfarin ár þar sem mest þúður hefur farið í að berjast við kalskemmdir. Rekstur klúbbsins var annars í ágætu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áfram verður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar eftir því sem fjárhagur leyfir. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað.



Jón Helgi Pétursson, formaður GHV

# Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2014 er fimmta starfsár golfklúbbsins. Megin starfssemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Þær breytingar voru gerðar fyrir sumarið 2014 að samningur var undirritaður milli Golfklúbb Lunds, Lundsgolf ehf og Golfklúbb Akureyrar, um rekstur Lundsvallar. Rekstur Lundsvallar er nú alfarið í höndum Golfklúbbs Akureyrar, en golfskálinn Stekkur er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu með GA. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannhald er á vegum klúbbsins. Laugardaginn 07. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 103 félagsmenn þar af eru 55 með fulla aðild og 48 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 36 konur og 67 karl.



## Mótahald

Sökum mikilla kalskemmda á vellinum eftir veturinn, fór mótahald seint af stað. Alls hélt klúbburinn 4. mót á árinu. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 12. júlí og var það innanfélags mót, spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þátttakendur voru 20. Þann 03. ágúst var opið mót sem bar heitið Coca-Cola verluarmannahelgin, þar mættu 44 til leiks og spilað var 9 holu punktkeppni með forgjöf. Þann 16. ágúst var lopapeysumót kvenna sem er 18 holu punktkeppni. Í það mót mættu 19 konur. 30. ágúst var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það mót mættu 28 til leiks. Í ár var mótið einnig opið félögum í GA, spilað var 18 holu högggleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2014 varð Júlíus Tryggvason á 77 höggum og meistari kvenna varð Þórunn Anna Haraldsdóttir á 81 höggum.

## Kennsla

Sumarið 2014 bauð golfklúbburinn félagsmönnum uppá fría leiðsögn golfkennara. Einungis 1. Laugardagur var nýttur, frá kl. 13.00 til 15.00. Leiðbeinandi var Friðrik Gunnarsson og var þátttaka mjög góð og mæltist þetta framtak klúbbsins mjög vel fyrir.

Pétur Ringsted

Formaður GLF

## Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2014.

Aðrir embættismenn.

Formaður. Kristján Stefánsson

Form. vallarnefndar. Sigurður Baldursson

Gjaldkeri. Ellert Rúnar Finnbogason

Form. mótanefndar. Guðjón Vésteinsson

Ritari. Jón Óskar Ferdinandsson

Form. forgj. nefndar. Kristján Stefánsson

Varamenn. Jóhannes Steingrímsson

Skoðunarmenn reikn. Finnur Baldursson

Hinrik Geir Jónsson

Steingrímur Jóhannesson



Sumarið 2014 var svipað árinu á undan að því leyti að síðasti snjórinn fór ekki af vellinum fyrir en seinnipartinn í júní, en sumarið var mjög gott veðurfarslega séð svo að völlurinn kom allur til þegar leið á sumarið. Gestafjöldi var svipaður og annað starf einnig.

Tvö opin mót átti að halda á árinu þ.e. Golf og Gufa og Mývatn open, en aflýsa þurfti Mývatn open vegna lélegrar þáttöku. Þá var haldin firmakeppni og meistaramót. Þeim fyrirtækjum sem studdu okkur við mótahald og allt okkar starf eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn, hann er okkur ómetanlegur.

Mikilvægur áfangi náðist á árinu þegar skrifað var undir nýjan leigusamning við landeigendur Reykjahlíðar til næstu 20 ára. Nú er því hægt að huga að uppbyggingu á flötum og teigum en það er löngu orðið tímabært að endurnýja flestar flatir vallarins. Þá var brautarvélin endurnýjuð. Keypt var notuð vél frá Golfklúbbum Oddi en gamla vélin seld til Eflingar, en á Laugum eru áhugamenn um golf búnir að koma upp 6 holu velli. Einnig voru endurnýjuð öll brautarskilti á vellinum. Það er því ljóst að það er mikið starf framundan og vonandi ganga næstu 20 árin eins vel og þau 25 sem liðin eru frá stofnun klúbbsins.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félögum fyrir samstarfið á árinu og vona að árið 2015 verði gott fyrir GKM.

Kristján Stefánsson formaður.

## Hestamannafélagið Feykir

Þann 11. febrúar 2014 var haldin folaldasýning í Feykishóli, dómarar sáu um að velja fallegustu folana og fallegustu merarnar. Áhorfendur kusu um vinsælasta folaldið. Boðið var upp á kjötsúpu og mætingin góð.

Stuttu seinna, eða 15.-16. febrúar var reiðnámskeið með Tryggva Björnssyni sem leiðbeinanda. Fullt var á námskeiðið.

Þann 8. apríl var haldinn aðalfundur hestamannafélagsins Feykis. Í stjórn sitja Úlfhildur Ída Helgadóttir formaður, Charlotta Englund ritari og Krístin Gunnarsdóttir meðstjórnandi, kom í stað Tryggva Sigurðssonar. Þann 12. -13. ágúst var félagsferð Feykis. Riðið var frá Hjarðarási til Raufarhafnar og til baka daginn eftir. Góð mæting og stemmningin góð.

Með bestu kveðju, Úlfhildur Ída Helgadóttir



## Hestamannafélagið Grani

Félagsstarfið hófst strax í fyrstu viku janúar með mótahaldi en fjórða janúar var haldið þrígangsmót í Bústólpahöllinni sem var einnig fyrsta mótið sem Grani heldur innanhúss. Vetrafagnaður Grana var svo haldinn 22. Janúar með ísmóti á Kaldbakstjörn í norðan garra og hríð. Um kvöldið var svo þorablót félagsins.

Í lok janúar var komið að því að keppa í smala og fór hún einnig fram í Bústólpahöllinni.

Grani tilnefndi þau Einar Víðir Einarsson og Thelmu Dögg Tómasdóttir til íþróttamanns ársins á Húsavík en Kiwanisklúbburinn Skjálfandi stendur að kjörinu. Grani tilnefndi einnig Einar Víðir sem hestaíþróttamann ársins hjá HSP og hlaut hann útnefninguna hjá HSP.



Nemar á lokaári háskólans á Hólum í Hjaltadal komu og héldu reiðnámskeið og fyrirlestur hjá Grana í lok mars mánaðar. Félagið hélt nokkur reiðnámskeið fyrir börn á árinu. Fyrst í byrjun júní og svo á haustmánuðum. Námskeiðin voru mikið sótt og þurfti að vísa nokkrum frá.

Þorgrímur Sigurjónsson og Vilhjálmur Pálsson.

Mynd: Karin Gerhartl.

Stór dagur var þann 6. júní þegar nýr skeiðvöllur var var tekinn í notkun með því að halda þar firmakeppni félagsins. Stofnfélagarnir Þorgrímur Sigurjónsson og fyrsti formaður Grana Vilhjálmur Pálsson vígðu völlinn með því að ríða gæðingum sínum fyrstu hringina áður en keppnin hófst.

Mæðgurnar Svanhildur Jónsdóttir og Sigrún Högná Tómasdóttir unnu svo sitt hvorn flokkinn. Að keppninni lokinni var keppendum og áhorfendum boðið vöfflukaffi í reiðhöllinni.

Grani stóð að sameiginlegu úrtökumóti norðlenskra hestamanna sem haldið var á Akureyri um miðjan júní. Þar völdu félögin sína fulltrúa fyrir landsmótið sem fór fram á Gaddstaðaförum við Hellu. Grani sendi fulltrúa í gæðingakeppni, barna og unglingsflokk.

Hin árlega fákagleði fór fram að venju fyrstu helgina í september með reiðtúr, leikjum og grillveislu. Grana bikarinn var afhentur og var það Sigrún Högná Tómasdóttir sem varðveitir hann næsta árið.

Þann 15. nóvember var haldið uppá 50 ára afmæli Grana í Miðhvammi. Þar var farið yfir sögu félagsins í máli og myndum, sýndir gamlir munir sem tengjast félaginu og hestamennsku. Einnig voru þeir stofnfélagar sem enn eru félagsmenn heiðraðir af félaginu og þakkað fyrir að vera félagar í Grana í 50 ár.

Starfsárinu lauk að venju með jólabingó í sal Framsýnar og áttu saman góða stund.

Bjarki Helgason, formaður.

## Hestamannafélagið Snæfaxi.

Það má segja að árið hjá okkur í Hestamannafélaginu Snæfaxes hafi verið með rólegra móti og má þar kannski kenna um of mikilli vinnu hjá flestum í félaginu. Þó að það sé jákvætt að hafa mikla vinnu og þ.a.l. góðar tekjur þá virðist það haldast í hendur að þá minnka möguleikar fólks á því að stunda hið óeigingjarna sjálfboðastarf sem hér hefur verið haft í heiðri. Þetta hefur helst bitnað á yngri félögum því lítið var gert í æskulýðsmálum.

En þrátt fyrir annríki þá er ekki allur vindur úr okkur því ýmislegt var gert á árinu.

Snemma árs var haldið reiðnámskeið þar sem þátttakendur fengu kennslu hver við sitt hæfi. Góð þátttaka var bæði hjá yngri og eldri félögum. Námskeiðið fór þannig fram að því var skipt niður á tvær helgar með mánaðar millibili, eftir fyrri helgina var nemendum sett fyrir og urðu þeir að standa klárir á sínu seinni helgina, sem og þeir gerðu. Mikil ánægja var með þetta námskeið. Það var Reynir Atli Jónsson reiðkennari sem annaðist leiðsögn.



Firmakeppni var haldin 17. júní á Lönguhlíðarmelum í samvinnu við Kvenfélag Pistilfjarðar en sá háttur hefur verið hafður á síðastliðin þrjú ár. Ánægjulegt var að sjá að þar var ágæt þáttaka hjá börnum og unglingum og má segja að það sé viðunandi árangur í æskulýðsmarkmiðum okkar.

Pórarinn Ragnarsson sigraði eins og allir vita A-flokk gæðinga á Landsmóti hestamanna sl. sumar, hann er félagi í Snæfafa en keppti þó ekki fyrir félagið að þessu sinni. Við erum engu að síður ákaflega stolt af okkar manni ☺

Félagsferð var farin upp úr miðjum ágúst upp í Laufskála. Þáttaka var dræm en það hittist þannig á að þessu sinni voru margir að heiman. Leiðtogi sem fyrr í félagsferðum Snæfafa var Skúli Ragnarssonar á Ytra-Álandi.

Bæjakeppni var haldin seinnipartinn í ágúst. Þáttaka var góð. Keppnin var skemmtileg og afar spennandi.

Folaldasýning var haldin í Reiðhöllinni Kaplaborg að Gunnarsstöðum í lok desember og var það hrossaræktandinn Ágúst Marinó Ágústsson á Sauðanesi sem var aðsópsmestur í það skiptið.

Fleira var ekki gert á vegum félagsins en auðvitað var fólk í hestaferðum hingað og þangað í sumar, farnir voru margir samreiðtúrar og einnig var töluvert um að keyrt væri á nálæg mót með ágætum árangri.

### **F.h. Hestamannfélagsins Snæfafa**

Jón Rúnar Jónsson, formaður félagsins.

## **Hestamannafélagið Þjálfí.**

Á árinu voru haldin átta helga reiðnámskeið í Torfunesi. Kennari á þessum námskeiðum var Sandra Marin. Var aðsókn á þessi námskeið góð og mættu um 25 börn. Reiðnámskeiðunum lauk svo þann 1. maí með sýningu fyrir foreldra, og grillveislu, einnig var mót haldið fyrir börn og fullorðna á vellinum í Torfunesi.

Mývatn Open var haldið laugardaginn 8.mars. Á föstudeginum var farið í reiðtúr út á ísilagt vatnið og út í eyju í miðju vatni. Þar var drukkið heitt kakó og borðaðar samlokur. Góð mæting var í reiðtúrinn enda var veður og færi gott þennan dag. Mótið sjálft heppnaðist ágætlega en veðurspáin fyrir daginn var ekki góð og átti hún sennilega þátt í því að skráningar voru færri en síðustu ár. Þetta slapp þó fyrir horn og var veður gott framan af degi.

Aðalfundur Þjálfí var haldinn að Staðarhrauni 29. apríl. Ágæt mæting var á fundinn. Hefðbundin fundaratriði rædd. Stjórn Þjálfí var skipuð, flestir sátu áfram frá fyrri stjórn en nokkrir nýliðar bættust í





hópin. Að loknum fundarstörfum var boðið upp á kaffi og með því og sátu menn og spjölluðu og horfðu á gamlar upptökur af stórmótum Þjálfá og Grana.

### **Stjórn Þjálfá skipa árið 2014-2015:**

Marinó Jakob Aðalsteinsson, formaður,

Erlingur Ingvarsson, varaformaður,

Hanna Rún Jóhannesdóttir, gjaldkeri,

María Einarsdóttir, ritari

Úlfar Vilhjálmsson, meðstjórnandi

Vormót Þjálfá var haldið í Torfunesi 1. maí. Það var mikið að um að vera í Torfunesi þennan dag. Dagurinn byrjaði á því að krakkar sem sótt höfðu námskeið á vegum Þjálfá í vetur sýndu listir sínar inn í reiðhöllinni undir leiðsögn eðkennara síns Söndru Marinar. Sýningarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar og var greinilegt að krakkarnir höfðu lært mikið um veturinn. Því næst voru grillaðar pylsur og haldinn aðalfundur æskulýðsdeildarinnar. Ýmis mál rædd og kosið í nýja nefnd.



### **Stjórn æskulýðsdeildar Þjálfá árið 2014-2015 eru:**

Gunnar Óli Hákonarson, formaður

Inga Þórey Ingólfssdóttir, varaformaður

Friðrik Jakobsson, gjaldkeri

Helga Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi

Tora Katinka Bergeng, ritari

María Einarsdóttir, varamaður

Að þeim fundi loknum var haldið niður á hringvöll þar sem veðrið lék við viðstadda. Keppt var í pollaflokki, barnaflokki og fullorðinsflokki og var þátttaka með ágætum. Vel heppnaður dagur.



Gæðingakeppni/úrtaka fyrir Landsmót var haldin á Hlíðarholtsvelli 14.-15. júní fyrir Létti, Funa, Grana, Hring, Þjálfa og Þráins. Þjálfi átti fjóra fulltrúa á Landsmóti á Hellu sem haldið var 30. júní- 6. júlí. Þjálfi tók þátt í að styrkja sína fulltrúa til ferðarinnar suður.

Stórmót Þjálfa var haldið helgina 9.-10. ágúst. Keppt var í barnaflokki, unglingsflokki, ungmennaflokki, A-flokki, B-flokki, tölti, heldrimannaflokki og 100 m skeiði. Skráning var með ágætum þó svo að veðrið hafi ekki verið upp á marga fiska þar sem rigning réði ríkjum nánast alla helgina. Annars vel heppnað mót og ágætis stemming.

Firmakeppni Þjálfa var haldin laugardaginn 23. ágúst keppt var í pollaflokki, barnaflokki, unglings/ungmennaflokki, kvenna- og karlaflokki. Keppendum var frjálst að sýna allar gangtegundir, flestir sýndu tölt og/eða brokk. Veðrið var með ágætum, sól og smá gola.

María Einarsdóttir, ritari Þjálfa

## Íþróttafélagið Völsungur

Árið 2014 var gott ár innan Völsungs þó svo að knattspyrnuliðið okkar karla meginn hafi fallið niður um eina deild. Ég mun fara yfir starfið í nokkrum orðum.

### Aðalstjórn Völsungs:

Stjórnin hélt 42 bókaða fundi á árinu aðalfundur félagsins var haldinn 12. júní, Emilía Aðalsteinsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og eru henni færðar bestu þakkir fyrir gott starf innan félagsins. Rannveig Þórðardóttir var kosin nýr stjórnarmaður og bjóðum við hana velkomna til starfa. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elin Gunnsteinsdóttir ritari, Már Höskuldsson og Lúðvík Kristinsson meðstjórnendur, Rannveig Þórðardóttir og Víðir Svansson varamenn. Kjartan Páll Þórarinnsson lét af starfi framkvæmdastjóra félagsins í apríl og nýr framkvæmdarstjóri tók við Jónas Halldór Friðriksson. Kjartani þökkum við hans störf fyrir félagið og bjóðum Jónas velkominn til starfa. Hjá félaginu starfar einnig bókarari í hlutastarfi Þórsteinunn Rut Sigurðardóttir.

Stjórnin hélt tvo fundi með formönnum deilda á síðasta ári og er það liður í að auka



upplýsingaflæði á milli deilda og milli deilda og stjórnar. Haldinn var fundur með þjálfurum og þeim boðið að sækja skyndihjálparnámskeið sem Völsungur sá um.

Við skiluðum fyrstu köflunum í fyrirmyndarfélagi ÍSÍ til Viðars Sigurjónssonar og hann gaf okkur grænt ljós á að við værum á réttri leið þannig að við höldum ótrauð áfram með þá vinnu á árinu 2015.

Völsungur tók að sér yfirumsjón og rekstur íþróttavallanna til reynslu á árinu 2014. Aðalstjórn var ánægð með hvernig til tókst og verðum við áfram með vellina á árinu 2015. Einnig sáum við um sumarskóla þar sem boðið var upp á fimm vikunámskeið þar sem glímt var við ýmis verkefni.

Aðalstjórn hefur yfirumsjón með öllum fjáröflum deilda og sér um að fá deildir eða flokka til þess að sinna þeim störfum sem okkur er gert að gera samkvæmt samningi við Norðurþing en það eru þrettándinn, 17. júní, kveikja á jólatrénu og gamlárskvöld.

### **Hreyfingaskóli Völsungs:**

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 45 min. Skólinn er í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 20 börn eru skráð í skólann.



### **Íþróttaskóli Völsungs:**

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Um 45 krakkar á aldrinum 3-5 ára mæta á laugardögum í skemmtilega hreyfingu. Reynt hefur verið að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra.



### **Sumarskóli Völsungs**

Völsungur tók að sér að sjá um sumarskóla fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára á árinu. Skólinn var settur upp í námskeiðsformi þar sem hver vika var eitt námskeið. Samtals voru því haldin 6 námskeið. Skólinn gekk vel og var skráning á námskeiðin góð. Völsungur stefnir á að halda þessu fyrirkomulagi áfram næsta sumar.

### **Fimleikar:**

Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika tvisvar í viku. Farið var á eitt mót á Akranesi og síðan fóru 14 krakkar til Ollerup í Danmörku í æfingarbúðir. Æft var við frábærar aðstæður í vikutíma auk þess sem krakkarnir æfðu dýfingar, bogfimi, klifur og parkúr. Deildin hélt sitt árlega jólaþorp í sal Borgarhólsskóla sem tókst með miklum ágætum.



### **Handknattleikur:**

Á árinu hafa verið starfræktir 3, 4, 5 og 6 flokkur karla og blandaður hópur í 7/8 flokki. Eriðlega hefur gegnið að fá stelpur til að æfa. Á vormánuðum komu þeir Aron Pálmarsson, Guðjón Valur Sigurðarson og Björgvin Páll Gústafsson í heimsókn, þeir héldu stutt námskeið fyrir krakka á öllum aldri.



Hið árlega Húsavíkurmót í handbolta var haldið í apríl en mótið er hluti af Íslandsmóti í 6 flokk kvenna. Mótið er fastur liður í íþróttalífínu hér á Húsavík og leggur fjárhagslegan grunn að starfi deildarinnar.

### **Blak:**

Um 50 manns stunda blak í flokki fullorðina og 37 krakkar æfa krakkablak. Öldungarnar tóku þátt í nokkrum hraðmótum á Norðurlandi auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega Nýjársmóti fyrstu helgina í janúar. Völsungur mætti til leiks á Öldungamót BLÍ með sex lið eitt karlalið og fimm kvennalið, mótið var haldið á Akureyri og Dalvík. Völsungur átti tvö lið á verðlaunapalli á Öldungamótinu. Krakkablakið er í mikilli uppsveiflu og kepptu á nokkrum mótum á árinu.



## **Boccia:**

Árið byrjar að venju með Opna Húsavíkurmótinu í Boccia en það var haldið 16 febrúar. Að því loknu er húsviskt íþróttafólk heiðrað fyrir frammistöðu og íþróttamaður Húsavíkur kjörinn sem var Hulda Jónsdóttir knattspyrnumaður. Boccialið Völsungs tók þátt á mótum á vegnum Í.F víða um land og stendur sig ávallt mjög vel. Þó stendur upp úr Íslandsmeistartitill Kristbjörns Óskarssonar í 1. deild. Innan boccia deildar æfa eldri borgarar og krakkahópur.

## **Sund:**

Sunddeild Völsungs stendur fyrir æfingum bæði á Húsavík og Laugum. . Krakkarnir taka þátt í nokkrum mótum á svæðinu.

## **Gönguskíði:**

Deildin stóð fyrir námskeiðum fyrir byrjendur og lagði brautir í og við bæinn. Orkugangan var haldin 14. apríl og var þátttaka nokkuð góð. Eftir að vegurinn upp á Reykjaheiði var lagaður sækja enn fleiri aðstöðuna upp við Höskuldsvatn. Krakkar á vegnum Völsungs kepptu á Andrésar Andar leikunum og stóðu sig mjög vel. Einnig átti Völsungur þátttakendur í Íslandsgöngunni.



## **Skíði alpagreinar:**

Ekki æfa margir alpagreinarar og ræður þar aðallega aðstaðan og snóleysið á Húsavík. Þeir sem æfa stunda reglubundnar æfingar með Mývetningum upp í Kröflu. Það tóku þrír krakkar á vegum Völsungs þátt í Andrés Andarleikunum, þau komu heim með tvenn verðlaun. Hópur krakka fór í æfingarferð til Colorado í Bandaríkjunum þar sem æft var við frábærar aðstæður.

## **Knattspyrna:**



## **Meistaraflokkar:**

Árið hjá meistaraflokkunum innan vallar var erfitt. Meistaraflokkur karla féll niður í 3. deild og meistaraflokkur kvenna vann einungis 2 leiki í 1. deild.

Hinsvegar hefur orðið algjör viðsnúningur í rekstri á meistaraflokkunum og horfir til betri vegar í þeim efnum. Miklar skipulagsbreytingar hafa átt sér stað og voru skipuð meistaraflokksráð utan um hvorn flokk fyrir sig. Frekari skipulagsbreytinga er að vænta á þessu ári og telur aðalstjórn að með þessu sé verið að tryggja ábyrgt utanumhald utan um meistaraflokka.

Róbert Ragnar Skarphéðinsson þjálfaði meistaraflokk kvenna á árinu og mun halda því starfi áfram. Ragnar Haukur Hauksson þjálfaði meistaraflokk karla á árinu, hann lét af störfum á haustdögum og við starfinu tók Páll Viðar Gíslason.



### Yngri flokkar knattspyrnu:

Völsungur tefldi fram liðum í öllum flokkum á Íslandsmóti karla og kvenna síðastliðið sumar. Og er skemmst frá því að segja að við náðum mjög góðum árangri með flesta flokkana og gefa þá stelpurnar strákunum ekkert eftir hvað það varðar. Völsungur hefur haft á að skipa hóp af hæfum þjálfurum og má fullyrða að hluti skýringar á háum iðkenda fjölda knattspyrnunnar á Húsavíkur liggur í góðum þjálfurum ásamt ríkri hefð fyrir knattspyrnuíðkun á Húsavík.



Nöfn þeirra er valdir hafa verið í landslið/úrtök: Sæþór Olgeirsson og Jana Björg Róbertsdóttir. Einnig voru margir Völsungar sem tóku þátt í landshlutaúrtökum

### Mótorsporteild:

Fyrsta heila starfsár deildarinnar og hefur ýmislegt verið gert þó að ekki sé mikið sjáanlegt enn. Hjólamenn nýttu sér Botnsvatnið þegar ís var yfir því. Farið var á eitt mót í Mývatnssveit. Unnið er að uppbyggingu og skipulagi á brautarsvæðinu rétt fyrir sunnan Gónhól.



### Siglingadeild:

Lítill sem enginn starfsemi var á síðast liðnu ári.

Stjórn Völsungs.

## Íþróttafélagið Magni.

Árið 2014 var með svipuðu sniði og áður, fótboltinn skipaði stærstan sess í starfinu og var þá meistaraflokkur félagsins í stærsta hlutverkinu og tók þátt í 3ju deildinni í sumar með þokkalegum árangri. Þjálfari meistaraflokks er Atli Már Rúnarsson. Yngriflokkastarfið var að venju nokkuð gott, en þó gátu við ekki sent neinn flokk í Íslandsmót sökum mannfægðar. Við erum núna að ganga í gegnum tímabil þar sem krakkafjöldinn er ekki mikill og svo fara flestir inná Akureyri þegar þeir eru komnir í 4. aldursflokk. Það starf hefur vissulega gengið vel og vonum við að það gefi af sér framtíðar knattspyrnumenn í meistaraflokki félagsins. Við vonumst til að geta sent 6. flokk í Íslandsmót í sumar. Þjálfari yngri flokka er Arnar Geir Halldórsson.



Júdíó hefur verið vaxandi íþróttagrein á Grenivík og eru ansi margir krakkar sem æfa. Þjálfari krakkanna er Gunnar Örn Arnórsson, reyndur júdíókappi og Grenvíkingur (líka af Hamraættinni frægu).

Á þessu ári, 2015, þá er íþróttafélagið Magni 100 ára og í sumar verður blásið til hátíðarhalda til fagna þessum tímamótum. Enn er of snemmt að segja til um í hvaða formi það verður, en undirbúningur hefur staðið yfir í töluverðan tíma. Við í íþróttafélaginu Magna erum bjartsýn á framtíð félagsins og höfum ávallt kappkostað að reka félagið á skynsamlegan hátt og hefur það tekist býsna vel.

Þorsteinn Þormóðsson

Formaður

# Mývetningur, Íþróttta og ungmennafélagið



Um áramót voru 179 félagar skráðir í Mývetning og er það svipað og undanfarin ár. Tveir af félögum okkar féllu frá á síðasta ári, það voru þeir Ásmundur K. Jónsson á Hofstöðum og Jón Illugason. Minnst við þeirra með þökk fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Í janúar var haldið áfram með íþróttæfingar eins og fyrir áramót. Blak einu sinni í viku þar sem Soffía Kristín Björnsdóttir var þjálfari og fótþolli tvisvar í viku þar sem Nonni (Jón Friðriksson) var þjálfari og voru um 15 þátttakendur á æfingum. Einnig var haldið áfram með Íþróttaskólann en það er samstarfsverkefni milli grunnskólans og íþróttafélagsins þar sem börnum í 1. - 4. bekk gefst kostur á því að fara í hreyfingu eftir skóla og fara svo heim með skólabílnum að æfingu lokinni. Mývetningur útvegar húsnæðið og skólinn starfsmann, en það er Soffía Kristín Björnsdóttir.

Skíðaæfingar voru líka í Kröflu og þjálfarar voru hjónin Stefán og Eyrún, þetta var þeirra síðasta ár sem þjálfarar og þakkar Mývetningur þeim vel unnin störf í þágu félagsins. Einnig var Skúli Kristinn að þjálfari og var hann duglegur að fara með keppendur á mót. Heiðbjört Einarsdóttir aðstoðaði við yngstu krakkana. Æfingar voru þrisvar sinnum í viku eða eins og veður leyfði. Skíðakrakkarnir tóku svo þátt í mótum víðsvegar um Norður- og Austurland með góðum árangri. Síðan var skíðaárinu slútt að með Guffaleikum í Kröflu.

Í sveitinni hafa konur og karlar á öllum aldri verið að æfa blak og gera það nánast á eigin forsendum en keppa undir merkjum félagsins. Konurnar tóku þátt í mótum á Norðurlandi og stóðu sig með sóma. Þær kláruðu keppnistímabilið með því að fara á Öldung á Akureyri og tókst þeim að fara með tvö lið þetta árið og er það frábær árangur. Mývetningur vill óska þeim til hamingju með þennan góða árangur og vill endilega styrkja þetta starf áfram.

Mývatnsmaraðon var haldið fyrstu helgina í júní og hefur Mývetningur verið þátttakandi í framkvæmd þess undanfarin ár. Maraðonið hefur verið dapurt undanfarin ár en í fyrra sáum við greinilega aukningu frá árinu á undan og vonum við að sú þróun haldi áfram. Næsta Mývatnsmaraðon verður laugardaginn 6. júní.

Síðast liðið sumar ákvað stjórnin að prófa að nota klippikort fyrir sumaræfingarnar. Fyrirkomulagið var þannig að menn gátu keypt 10 skipta kort fyrir 2.500 krónur, eða borgað fyrir einn tíma 300 krónur. Þetta gekk vel í sumar og voru menn ánægðir með útkomuna.

Í sumar var svo haldið sundnámskeið í tvær vikur og var Soffía Kristín Björnsdóttir með æfingarnar. Námskeiðið var vel sótt, en þetta er í fyrsta sinn sem rukkað er fyrir þetta námskeið og var það gert eins og áður sagði, með klippikortunum. Ástæða þess að við ákváðum að rukka fyrir þetta námskeið núna er sú að það eru ekki bara börn hér í sveit sem sækja þessi námskeið og okkur finnst ekki rétt að þau geti bara komið hingað og fengið fría sundkennslu þannig að við ákváðum að láta jafnt yfir alla ganga og allir borguðu smá.

Einnig var í sumar leikjanámskeið og var Kristinn Björn Haraldsson með það. Námskeiðið var misvel sótt en Kristinn gafst ekki upp og kláraði sumarið. Á það þurfti líka að nota klippikort.



Nokkrir af félögum okkar voru duglegir að fara á frjálsþróttæfingar á Laugum og tóku þátt í sumarleikum HSP, en einnig tók Marta Sif Baldvinsdóttir þátt í þremur öðrum mótum og stóð hún sig með þryði á þar. Við óskum henni til hamingju með góðan árangur.

Í sumar kepptu svo stóru strákarnir okkar í utanbolta deildinni og stóðu sig með miklum sóma og sigruðu deildina. Viljum við óska þeim til hamingju með þennan frábæra árangur og vonum að þeir halda áfram á þessari braut.

Um haustið var svo byrjað aftur með æfingar eftir skóla og var fyrirkomulagið eins og það hafði verið áður, blakæfingar einu sinni í viku, fótboldi tvisvar í viku og voru um 10 nemendur að sækja þessar æfingar. Íþróttaskóli var áfram einu sinni í viku og 14 nemendur voru í honum. Það kom til tals að nota klippikortin áfram til að rukka fyrir æfingar en ekkert varð úr því og ákveðið að gera það eftir áramót. Sendir voru greiðsluseðlar fyrir þeim æfingargjöldum.

Einar Eyþórsson hélt uppi heiðri Mývetninga í glímunni á síðasta ári og keppti á nokkrum mótum og stóð sig með þryði á þeim. Einnig sýndu Pétur Þórir Gunnarsson og Júlíus Gunnar Björnsson glímu á 100 ára afmæli HSP sem haldið var 2. nóvember síðast liðinn. Stóðu þeir sig með sóma og voru menn allmennt yfir sig hrifnir af þessari sýningu.

Um páskana var svo páskabingó og um jólin, jólabingó og voru þau vel sótt eins og alltaf. Þess má geta að fyrirtæki í sveitinni hafa verið mjög duglega að gefa okkur vinninga og viljum við hér með þakka þeim fyrir.

Fleira var ekki gert á þessu ári.

Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir

## Skákfélagið Huginn.

Starfsárið 2014 var víðburðaríkt hjá félaginu eins og undanfarin ár. Félagið hét GM-Hellir eftir sameiningu við taflfélagið Helli haustið 2013, en samþykkt var nýtt nafn á félagið, “Huginn skákfélag” og nýtt félagsmerki fyrir það á aðalfundi í maí 2014 og tók félagið þátt í Íslandsmóti skákfélaga undir nafni Huginn tímabilið 2013-14. A-lið félagsins varð í 2. sæti í 1. deild og B-lið félagsins varð í 7. sæti í sömu deild. Félagið átti einnig lið í 2. 3. og 4. deild, eða 9 lið alls. Eftir sameininguna við Helli er Huginn stærsta skákfélag landsins með um 370 félagsmenn. Félagið varð Íslandsmeistari skákfélaga í hraðskák á árinu 2014 í fyrsta sinn.



Félagið hélt stórt skákmót í Reykjavík í ársbyrjun, Nóa-Síríusmótið sem var vel sótt og Stefán Kristjánsson stórmeistari vann sigur á því. Stórmeistarinn Hjörvar Steinn Grétarsson gekk í raðir félugins á vordögum, en skömmu áður fagnaði hann stórmeistaratitli.

Skákfélagið Huginn sendi sterka skáksveit til keppni á EM-félagsliða í Bilbao á Spáni í september og stóð liðið sig afar vel. Einar Hjalti Jensson vann það afrek að vinna ofurstórmeistarann Alexi Sirov og náði jafnframt stórmeistaraáfanga í mótinu.

Hefðbundið mótahald var hjá félaginu á Húsavík og á Laugum. Félagið stóð fyrir Hérðasmóti HSP í skák bæði í barnaflokki og fullorðinsflokki. Hraðskákmót, 10 mín skákmót og Páskaskákmót var haldið, auk Skákbings félagsins og Framsýnarmóti. Skólámót í skák voru haldin og svo sýlsumót í skák. Bestu unglíngarnir kepptu svo á Norðurlandsmóti, Kjördæmismóti og Íslandsmóti á Akureyri.

Félagið hélt úti skákkennslu í skólum á árinu sem margir nemendur nýttu sér. Um var að ræða vikulega kennslu part úr vetri.

Félagið hélt vikulegar skákæfingar í Framsýnarsalnum og í Litlulaugaskóla eins og undanfarin ár, sem voru opnar öllum áhugasömum. Félagið sá um að vígja nýtt sundskáksett í sundlaug Húsavíkur, sem gestir laugarinnar geta nýtt sér.

Nokkrir félagsmenn tóku þátt í mótum hjá öðrum félögum og einn fór erlendis til að taka þátt í mjög stóru skákmóti í Las Vegas.

Hermann Aðalsteinsson

formaður Skákfélagsins Hugins

## Skotfélag Húsavíkur

Starfsemin fyrripart árs 2014 var frekar róleg. Gríðarlegum snóþýngslum á skotsvæðinu er að stórum hluta um að kenna. Riffilbrautin gamla mikið til á kafi vel fram yfir páska, en á nýju brautinni var varla snjókornt í mest allan vetur. Hún verður samt ekki tekin í fulla notkun fyrr en riffilhusið nýja verður fullbúið. Sama má segja um leirdúfsvæðið. Mikið til á kafi, fram yfir páska, en starfsemi hefur reyndar verið með minnsta móti þar, eftir að snjóa leysti.

Eitt riffilmót var haldið um páska, og var aðsókn með ágætum þótt veður hafi ekki verið heppilegt til keppni. Birgir, Gylfi og Kristján hlutu verðlaun á þessu móti, ásamt Finni Steingrims frá Akureyri. Keppendur voru frá Husavík Öxarfirði, og Akureyri. Þá var einnig haldið páskamót í riffli á Akureyri, og náðu okkar menn í tvenn verðlaun þar. Grúbbumót 200 mtr var haldið á Akureyri í byrjun júlí. Alls mættu 14 til leiks og þar sigraði Gylfi Sig. Tvær riffilskyttur héldu í viking austur á Hérað á vordögum, og tóku þar þátt í einu af stærstu mótum ársins. Keppt var í tveimur flokkum, breyttum riffilum og Bench rest flokki. Árangurinn var frammar öllum vonum, og sigruðu okkar menn í báðum flokkum, í því móti, sem var mjög fjölmennt. Um miðjan júní var haldið riffilmót, í tengslum við Landsmót UMFÍ 50 + á Husavík. Skotið var hunter class á 100 og 200 mtr. Gylfi og Kristján hlutu gull á báðum vegalengdum og Kristján gull í samanlögðum árangri. Þá tók Kristján Arnarson þátt í Íslandsmeistaramótinu í Benchrest í Álfnesi í september og náði silfri. Seinni part júlímánaðar var haldið riffilmót utanhúss, á Husavík. Keppendur frá Husavík og Akureyri og nágr. Sigurvegari



Kristján Arnarson Husavík. Birgir Mikaelsson Húsavík, hlaut brons. Verslunin Hlað veitti vegleg verðlaun fyrir þetta mót. Benchrest, riffilmót var haldið austur á Héraði þann 9. ágúst. Helstu benchrest skyttur landsins mættu á þetta mót. Gylfi Sig hlaut brons á 100 m. Milli jóla og nýárs var Fjallalambsmótið haldið, sem er riffilmót, utanhúss. Það var nokkuð vel sótt eða 11 keppendur, frá Husavík Öxarf. og Akureyri. Sigurvegari var, Finnur Steingríms Akureyri. Guðm Flosi frá Húsavík, hélt uppi heiðri heimamanna, og náði silfrinu. Fjallalamb á Kópaskeri gaf verðlaun á þetta mót, ásamt Skotfélagi Húsavíkur. Þá var mjög fjólmennt riffilmót haldið á Akureyri, á gamlárdeg. Þar mættu 19 keppendur til leiks. Gylfi Sig hlaut brons á því móti. Einungis eitt skeet mót var haldið sl sumar. STI mót. Þar mættu 13 keppendur til leiks. Skotfélag Húsavíkur átti einn keppanda á því móti. 30. des. var haldið skeet mót á velli Skotfélagsins en þar mættu fimm keppendur. 1 sæti Sigdór Jósefsson, 2 sæti Elías Frímann, 3. Guðm. Halldórsson.

Seint á síðasta ári var lokið við nýja riffilbraut sem er 400 metra löng. Einnig var grafið fyrir grunni að nýju riffilhúsi, og gert klárt til að steypa hann. Húsið er um 50 fermetrar með fimm skotlúgum, ásamt minni lúgum fyrir skammbyssuskotfimi. Þessar framkvæmdir voru frekar kostnaðarsamar fyrir félagið, en samið var við Hól ehf ( Björn Sig.) um vinnu riffilbrautar, og það verður að segjast að það var unnið á þann allra ódýrasta máta sem unnt var. Að stórum hluta er það einum manni að þakka hversu létt við sluppum kostnaðarlega frá gerð riffilbrautarinnar, en Birgir Mikaelssoni sá að mestu um að gera brautina, og var hans vinna að mestu unnin í sjálfböðavinnu, og stendur félagið í mikilli þakkarskuld við hann. Greiddi Skotfélagið, alls um 1,6 milljónir fyrir riffilbrautina. Ljóst er að afar brýnt er að koma nýja húsinu upp, því mikill áhugi er hjá öðrum skotfélögum að koma til Húsavíkur á riffilmót. Skotsvæðið er með þeim hentugustu á landinu, sökum legu sinnar, og heppilegrar veðráttu. Félagið mun leita allra leiða til að koma húsinu upp sem allra fyrst. Og snemma í september var hafist handa við að reisa riffilhúsið, og hafði Hermann Sigurðsson frá Hraunkoti umsjón með verkinu. Húsið varð fókheldt í október, og kostaði rúmar 2 milljónir kr. Eftir er að gera skotlúgur, og steypa, og setja upp skotborðin, sem eru 5 talsins, ásamt því að fullgera húsið að innan. Ljóst er að allar þessar framkvæmdir voru, og munu verða kostnaðarsamar, en skotfélagið átti fyrir öllum framkvæmdum, og var ekki skuldsett vegna þeirra. Engar útistandandi skuldir eru til staðar og þó að ekki séu digrir sjóðir inni á reikningum þá er framtíðin nokkuð björt. Við höfum gott lánstraust, og félagið hefur gott orð á sér í Norðurþingi og víðar. Skotfélagið hefur séð um að taka hreindýraveiðimenn í próf, og hefur sú vinna skilað góðum tekjum, og hefur ásokn í að koma í próf til Húsavíkur verið talsverð. Jafnvel hafa skyttur á Reykjavíkursvæðinu, frekar viljað koma til okkar í próf, heldur en að taka þau á sínu heimasvæði. Varsla Mærudaganna hefur verið í höndum félagsmanna, undanfarin ár, og hefur félagið alltaf getað mannað þessa vörslu, en hún telur allmörg stöðugildi yfir Mærudagshelgina. Almenn ánægja hefur verið með þessa gæslu okkar, af hendi Lögreglunnar. Leirdúfusvæðið er fullgert, en fyrir liggur viðhald á félagsaðstöðu sem felst í því að bera þarf á húsið. Einnig þyrfti að laga brúna. Stefnt er að því að setja fjármagn í þessar framkvæmdir.

Af ofangreindu má ráða, að margt smátt, gerir eitt stórt, og meðal annars, þess vegna, gat skotfélagið ráðist í þær framkvæmdir, sem nú eru vel á veg komnar, án nokkurra skulda.

Kveðja

Stjórn Skotfélags Húsavíkur


# UMF Austri.

## Æfingar

- Blakæfingar voru 1x í viku frá janúar og fram á vor. Mjög góð þátttaka var.
- Allir nemendur eldri deildar fóru til Húsavíkur 1x í viku á fótbolta- og frjálsíþróttæfingar. UMF Austri tók þátt í bensínkostnaði þar sem ekki tókst að fá þjálfara til Raufarhafnar.
- Frjálsíþróttabúðir HSP voru haldnar á Raufarhöfn 17. – 18. janúar. Frjálsíþróttabúðirnar voru skipulagðar af frjálsíþróttadeild HSP í samvinnu við UMF Austri. Þjálfari var Jón Friðrik Benónýsson.
- Sameiginleg fótboltaæfing var í Lundi 28. mars. Aðalsteinn Jóhannes frá Völsungi þjálfaði.
- Aðalsteinn Jóhannes Friðriksson kom í nokkur skipti á tímabilinu apríl – maí og var með fótboltaæfingar. Nemendum úr Öxarfjarðarskóla var boðið að koma á þessar æfingar og voru nokkur sem komu og æfðu með Austrakrökkum.
- Æfingar í sumar voru með sviðuðu sniði og síðustu sumur, en þátttaka var heldur dræm. Þjálfari var Karítas Ríkharðsdóttir. Boðið var upp á frjálsíþróttæfingar og leikjanámskeið fyrir yngri börnin.

## Þátttaka á mótum

- Dagný Ríkharðsdóttir fór á Stórmót ÍR í janúar og keppti í 60, 200, 400 og 800 metra hlaupi og einnig í langstökki og stóð sig með mikilli þryði. Hún náði 4. sæti í 400 metra hlaupi og 5. sæti í 800 metra hlaupi.
- Sjö keppendur fóru á mars-mót HSP í frjálsum íþróttum til Húsavíkur 16. mars og stóðu sig mjög vel. Eftir mótið fóru foreldrar og börn saman í leikhús og Austri bauð svo upp á pitsuveislu á Sölkú. Keppendur voru: Agnar Þór, Anna Fjóra, Birgir Þór, Birkir Rafn, Brynja Dögg, Dagný og Friðrik Þór.
- Ágæt þátttaka var á Ásbyrgismótinu í júlí og skemmtu allir sér vel.
- UMF Austri átti tvo fulltrúa á ULM á Sauðárkróki, þau Dagnýju Ríkharðsdóttur og Birki Rafn Júlíusson. Þau kepptu í frjálsum og fótbolta og stóðu sig mjög vel. Birkir Rafn varð í 3. sæti í 4\*100 metra boðhlaupi með sveit HSP/UFA og 5. sæti í 100 m. hlaupi. Dagný varð í 4. sæti í spjótkaсти.
- UMF Austri átti einnig fulltrúa á Landsmóti 50+, Róbert Þorláksson. Vann hann til 5 gullverðlauna í aldursflokknum 70-74 ára.



## Aðalfundur og stjórn

- Aðalfundur var haldinn 17. mars. Ekki var góð mæting en það tókst að skipa stjórn og eru það:

Birna Björnsdóttir formaður  
Olga Friðriksdóttir gjaldkeri  
Karítas Ríkharðsdóttir ritari  
Einar E. Sigurðsson  
Ragnar A. Jóhannsson



## Annað

- UMF Austri sendi tvo fulltrúa á Ársþing HSP sem haldið var 23. mars á Laugum, Olgu Friðriksdóttur og Þórunni Nönnu Ragnarsdóttur
- UMF Austri hafði umsjón með hinu árlega kvennahlaupi sem haldið var laugardaginn 14. júní. Mjög góð þátttaka var og bauðst þátttakendum að fara frítt í sund seinna sama dag.
- Sama dag, laugardaginn 14. júní var formleg vígsla sparkvallarins í samvinnu við Tómsstunda- og æskulýðsnefnd Norðurþings. Stuttar ræður voru haldnar, farið í leiki og boðið upp á grillaðar pylsur. Af þessu tilefni gaf UMF Austri öllum börnum á Raufarhöfn boli með Austra merkinu.
- Klárað var að þökuleggja svæðið umhverfis sparkvöllinn en UMF Austri tók að sér þá framkvæmd. Þetta eru um 3.000 m<sup>2</sup> og vill félagið þakka þeim sem unnu mikið og óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf.
- Það er gaman að geta þess að eldri borgarar á Raufarhöfn eru mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman.



Fyrir hönd UMF Austra,  
Birna Björnsdóttir og Olga Friðriksdóttir




*Frá Ásbyrgismóti*



*Sameiginleg æfing á sparkvelli*

*Frá vígslu  
sparkvallar*



## Umf. Bjarmi

Aðalfundur Bjarma 2014 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 12. mars, góð mæting var á fundinn. Stjórn Bjarma skipa nú Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri.

Á tveggja ára fresti er skipað í nefnir sem starfa innan Bjarma. Fram til maí 2016 eru formenn nefnda þessir: Vallarnefnd Ketill

Tryggvason, Knattspyrnufélag Jóhannes Kristjánsson, Húsnefnd Jón Þ. Óskarsson, Ferðaþjónustunefnd Sigríður Karlsdóttir, Ferðanefnd Sigrún Jónsdóttir, Íþróttanefnd Hólmfríður Rúnarsdóttir, Spilaneftnd Torfhildur Sigurðardóttir og Ballneftnd Sigurður Freygarðsson.

Ungmennafélagið Bjarm mætti með sína þrjá fulltrúa á Ársþing HSP sem haldið var að Laugum í Reykjadal. Þingið var málefnalegt og upplýsandi og bar þess merki að HSP ætti 100 ára afmæli á árinu. Bjarmafélagar mættu að sjálfsögðu á Landsmót 50+ á Húsavík bæði til að keppa, og sýna sig og sjá aðra. Einnig mættu margir félagsmenn Bjarma á afmælishátíð HSP 2. nóv.



Starfsemi Bjarma var að venju fjölbreytt á árinu 2014. Spilakvöld, íþróttæfingar í Stórutjarnaskóla og á Bjarmavelli, leikjanámskeið, vinnustund á vellinum, ferðapjónusta og grasaferð eru dæmi um það hvað Bjarmafélagar skemmtu sér við á árinu.

Þá stunduðu Bjarmafélagar ýmsar almenningsíþróttir s.s. sund, hlaup, göngur, fótbolta, skák, blak, fjallgöngur og akstursíþróttir. Þá er alltaf einhver hópur Bjarmafélaga sem sækir skipulagðar æfingar á vegum annarra félaga og er Hafdís Sigurðardóttir frjálsíþróttakona þar fremst í flokki.

Bjarmi átti nokkra keppendur á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki sem var virkilega skemmtilegt mót og vel heppnað.

Hin árlega Bjarmahátíð var haldin um miðjan ágúst. Farið var í skógargöngu á Hálsmelum og uppgræðsluskógurinn skoðaður. Að því loknu var farið í ýmsa leiki á Bjarmavellinum s.s. blak, ringó og stígvélakast. Endaði kvöldið á lautarferð þar sem kvöldkaffi var drukkið og sunginn fjöldasöngur við gítarspil og kertaluktir.

Stjórnin þakkar nefndum Bjarma gott starf á árinu og hvetur félagsmenn sína til að stunda hreyfingu sjálfum sér til heilsueflingar.

Stjórn Bjarma

## Umf. Efling

Íþróttastarf á vegum Eflingar yfir vetrartímann hefur að mestu snúist um að bjóða upp á fjölbreyttar æfingar fyrir grunnskólabörn í framhaldi af skólatíma. Í fyrrahaust var ákveðið að bjóða upp á íþróttatíma í framhaldi af skóla þrisvar í viku og hefur það haldið sér í vetur. Þjálfarar hafa verið nemendur af íþróttabraut Framhaldsskólans á Laugum undir stjórn íþróttakennara skólans. Í sumar var boðið upp á leikjanámskeið fyrir 6 ára og yngri, þjálfari var Gabriela Birna Jónsdóttir. Frjálsar íþróttir voru svo stundaðar undir merkjum HSP á Laugum. Á Laugum eru skipulagðar æfingar í bogfimi undir merkjum Eflingar og hafa iðkendur Eflingar í bogfimi verið að ná mjög góðum árangri í greininni á mótum innanlands og dæmi eru um það að heilu fjölskyldurnar séu að æfa og keppa saman.

Leikdeild Eflingar setti á árinu upp frumsamið leikrit, *Í beinni*, eftir Hörð Þór Benónýsson með tónlist eftir Jaan Alavere. Æfingar hófust í janúar og var frumsýning 22. mars 2014, leikstjóri var Jenný Lára Arnórsdóttir.

Þorralót Eflingar var haldið 3. helgi í þorra og tókst vel í alla staði. Hljómsveit skipuð heimamönnum að mestu lék fyrir dansi og þorralótsnefnd Eflingar sá um skemmtiatriði meðan á borðhaldi stóð.

Ársping HSP var haldið í Framhaldsskólanum á Laugum sunnudaginn 23. mars, en Efling sá um skipulagningu þingsins, sem var allt hið veglegasta vegna 100 ára afmælis HSP, í samvinnu við stjórn og framkvæmdastjóra HSP. Minjanefnd Eflingar fékk styrk frá Þingeyjarsveit til þess



að safna saman minjum félagsins og er því í óða önn að safna saman myndum, leikritum og öðrum dýrgripum.

Aðalfundur Eflingar var haldinn þann 12. júní og þar var stofnuð golfnefnd innan félagsins, en félagið er



að öllum líkindum fyrsta ungmennafélagið til að stofna golfklúbb innan félagsins.

Golfnefndin græjaði golfvöll við Reykjadal, þar sem fólk flyktist að til að spila golf í sumar, auk þess sem nefndin smíðaði minigolf brautir sem hægt var að spreyta sig á hjá sundlauginni á Laugum.

Golfnefndin stóð einnig fyrir

Þingeyskri þríþraut og fjallahjólakeppni 16. ágúst, þar sem keppnisgreinar voru fjallahjólakeppni ca. 42 km, ólympísk þríþraut, hálf ólympísk þríþraut og Spýtukallinn sem var sund 150m, hjól 4 km, hlaup 1 km. 17. júní var haldinn hátíðlegur með hefðbundnum hætti í blíðskaparveðri á Laugavelli, þar sem fjallkonan flutti m.a. erindi, farið var í leiki, seldar gasblöðrur og fánar og grillaðar pylsur. Á eftir formlegum hátíðarhöldum var svo bíósýning fyrir börn í gömlu sundlauginni í Framhaldsskólanum á Laugum og kaffihlaðborð í Dalakofanum. Hin árlega jólavist Eflingar var haldin milli jóla og nýárs á Breiðumýri þar sem fólk á öllum aldri átti saman góða kvöldstund.



## Stjórn Umf. Eflingar

## Umf Einingin.

Í janúar gekki Þorsteinn Ingvarsson frjálsíþróttamaður úr félaginu og gekk til liðs við ÍR sem hann hefur æft með í nokkur ár. Við óskum honum alls hins besta og velfarnaðar hjá nýju félagi.

Þorabrót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. Ársþing var haldið á Laugum í Reykjadal. Mættir voru fyrir hönd Einingarinnar Hulda Elín Skarphéðinssdóttir, María Sigurðardóttir og Ingólfur Víðir Ingólfsson.

Fótboltaæfingar sem hafa verið á sunnudögum á sumrin lögðust niður s.l.

sumar og sama má segja um fótboltaæfingar sem haldnar voru á Laugum á veturna. Yngra fólkið í félaginu stóð sig sem betur fer betur en það eldra og nokkur ungmenni æfa frjálsar íþróttir annarstaðar og eru dugleg að mæta á íþróttamót. Eins æfa nokkrir krakkar blak og fótbolta á Stórutjörnum en það eru æfingar sem ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir.

Að öðru leyti var árið nokkuð tíðindalaust.

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Einingarinnar

Sigurlína Tryggvadóttir





# Umf. Geisli

Starfsemi Geisla var með hefðbundnu sniði og undanfarin ár . Aðalstarfsemin snýst um knattspyrnu og voru haldnar innanhúsæfingar yfir vetrartímann fyrir 12 ára og yngri. Utanhúss æfingar voru í fyrsta skipti ekki í sumar . Hjá okkur er orðið frekar fámenn í sumum aldursflokkum og aldursbilið nokkuð á æfingum. Þá fara nokkrir krakkar til Húsavíkur og æfa með Völsungi og geta þá verið að æfa með sínum jafnöldrum. Einnig eru krakkar að iðka aðrar íþróttir með Völsungi. Einnig eru konur að iðka blak og keppa á öldungarmótum. Nokkrir krakkar hafa verið að keppa í frjálsum á árinu og verið að ná í verðlaun og svo eignuðumst við Unglingalandsmótsmeistara á árinu þegar Raket Ósk Jóhannsdóttir sigraði í glímu á ULM á Sauðárkróki Starfsemin hjá félaginu er annars mjög lítil.

Aðsókn að tjaldsvæði félagsins var þokkaleg í sumar.

Árni Garðar Helgason, formaður

## Ungmennafélag Langnesinga

Hjá Ungmennafélaginu störfuðu alls 5 þjálfarar í mis langan tíma á árinu 2014. Æfingar hafa verið fjölbreytnar og má nefna fótbolta, frjálsar íþróttir, fimleikar, leikjanámskeið og leikja- og boltaskóla. Stjórn UMFL þakkar þessu góða og mikilvæga fólki fyrir samstarfið á liðnu ári. Fyrirkomulagið á æfingunum síðasta vor var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá störfuðu 3 þjálfarar þau Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Sigríður Klara Sigfúsdóttir og Sigurður Jakobsson. Ásdís sá um leikja- og boltaskóla sem og fótbolta, Sigurður sá um fótbolta og Sigríður sá um svokallaðan afreksskóla. Sumarið var einnig með svipuðu sniði. Þá störfuðu 2 þjálfarar þær Ásdís sem sá um fótbolta og Kapítóla Jónsdóttir sem sá um frjálsar íþróttir. Haustönnin var einnig með hefðbundnu sniði. Þá störfuðu sömu 2 þjálfararnir og í sumar þær Ásdís og Kapítóla. Ásdís hefur séð um leikja- og boltaskóla sem og fótbolta en Kapítóla sá um afreksskólann. Hvað varðar fjölda og fjölbreytni æfinga þá var það markmið stjórnar UMFL eins og síðustu ár að hver iðkandi fengi 2-3 æfingar í viku og gæti átt möguleika á að stunda a.m.k 2 íþróttagreinir. Fótbolta hefur í gegnum tíðina verið fjölmennasta íþróttagreinin hérna á Þórshöfn en árið 2013 og 2014 þá má varla milli sjá hvort er vinsælla fótboltinn eða frjálsar íþróttir. Þetta er breyting frá fyrri árum og stafar hún sennilega af því að frábærir árgangar af allhliða góðum íþróttaiðkendum er að koma upp ásamt því að lögd hefur verið meiri áhersla á að efla frjálsar íþróttir t.d. með kaupum á búnaði og fá til liðs við okkur þjálfara með þekkingu á þessu sviði. Fótboltinn sem er jú vinsælasta íþrótt í heimi átti í smávægilegum erfiðleikum hjá okkur seinnipart árs 2013 en árið 2014 hefur aftur glæðst líf í boltann. Hins vegar það sem hefur reynst afar vel á árinu 2014 og við erum afar stolt af eru æfingar fyrir börn á aldrinum 4 til 5 ára eða börn sem eru á tveimur síðustu árunum sínum í leikskóla. Mikil og góð þátttaka hefur verið og frábært að geta boðið þessum hópi íþróttæfingar. Kanóa námskeið var haldið fyrir krakka á aldrinum 12 til 16 ára. Farið var í kennslu á kanóbátum s.s. róður, öryggi á og við sjó sem og umhirðu á sjóbúnaði. Þorsteinn Egilsson var með yfirumsjón á námskeiðinu.



Afreksskólinn er verkefni sem við erum afar stolt af. Í afreksíþróttaskóla UMFL verður lagt upp úr að kenna börnum lífsstíl íþróttamannsins gegnum frjálssar íþróttir og fimleika. Ásamt því að þjálfa börnin í helstu atriðum tengdum frjálsum íþróttum og fimleikum, þá fá þau fræðslu um mikilvægi næringar og svefnis, góðrar hegðunar og framkomu, sjálfsaga, hvatningu og samvinnu, að sigra og tapa og margt fleira sem fyrirmyndar íþróttaiðkandi hefur að leiðarljósi. Hugmyndin er að kenna þeim að íþróttaiðkandi er líka sá íþróttamaður sem stendur sig gagnvart sjálfum sér og samfélaginu sem hann býr í og ber virðingu fyrir sér og öðrum. Íþróttaiðkandi er fyrirmynd jafnt utan sem innan íþróttasalarins.

Afreksíþróttaskólinn er fyrir hrausta og sterka krakka! Einkunnarorð afreksíþróttaskólans eru GÆS: Get – Ætla – Skal!

Ungmennafélagið hefur farið þá leið síðustu ár að hafa æfingargjöld eins ódýr fyrir fólk og hægt er. Æfingargjöld eru óbreytt á milli ára eða 3000 kr. Ákveðið var að halda systkina afslættinum áfram þ.e.a.s. þriðja barn, fjórða barn o.s.frv. í fjölskyldu borga ekki æfingargjöld. Ungmennafélagið hefur ætíð verið með eitt gjald fyrir alla iðkendur á allar þær æfingar sem í boði eru. Iðkandur gera því tekið þátt í öllu fyrir eitt gjald á mánuði. Aðalfundur fyrir árið 2013 var á árinu og var hann haldin í 1. mars þar sem ný stjórn var kosin til eins árs.

Keppnir og ferðir voru með minna móti á árinu 2014. Farið var á héraðsmót í frjálsum íþróttum á Húsavík og einnig áttum við þátttakenda á Sumarleikum HSP sem haldið var á Laugum. Hið árlega Ásbyrgismót var einnig haldið og áttum við marga og öfluga þátttakendur þar í öllum greinum. Félagið bar sigurorð á því móti stigalega sem og í þátttöku iðkenda. Fyrir 3 árum síðan var ákveðið að stofna svokallaða Ásbyrgismótanefnd og að hvert félag innan gamla UNP ætti sinn fulltrúa í henni. Kristinn Láruson hefur verið okkar fulltrúi síðustu þrjú ár.

Fjáraflanir hafa verið nokkuð öflugar árið 2014. Hjá félaginu er starfandi fjáröflunarnefnd sem hefur staðið sig afar vel. Félagið hefur verslað mikið af varningi merktum félaginu og hefur sala á því gengið vel. Sem dæmi má nefna vatnsbrúsar, kveikjarar, pennar, lyklakyppur, handklæði húfur og félagagallar. Fyrir utan þennan varning þá er félagið að selja wc pappír og rækjur. Félagið er einnig með öfluga dósamóttöku fyrir bæjarbúa, hélt bingó á árinu, tók þátt í jólamarkaðnum og m.fl.

Félagið á og hefur átt marga góða styrktaraðila í gagnum tíðina. Félagið er t.d. með góðan samning við Ísfélagið til þriggja ára, Langanesbyggð lætur eftir tíma í íþróttahúsið okkur að kostnaðarlausu, Bj vinnuvélar hafa verið mjög sanngjarnir er kemur að því að kaupa ýmsa vinnu og svo allir hinir sem hafa lagt hönd á plóginn með einu eða öðrum hætti. Þessir aðilar eiga þakkir skilið. Félagið vígði mótórcrossbrautina sína síðasta sumar. Verkefnið lá í dvala í nokkurn tíma en eftir að það náðist samkomulag við BJ vinnuvélar um að hefja framkvæmdir þá kláraðist verkið.

Í lokin á þessari yfirferð viljum við í stjórn félagsins þakka öllu því góða fólki og okkar styrktaraðilum sem hafa komið með einum eða öðrum hætti að starfsemi félagsins á liðnu ári. Margir góðir hlutir hafa verið gerðir hjá félaginu og höldum við ótrauð áfram að vinna í góðum málum. Við minnum á að samstarf við foreldra er gríðalega mikilvægur þáttur í að geta haldið úti heilu íþróttafélagi. Foreldrar eru jafn mikilvægir eins og iðkendurnir sjálfir því án foreldra væru engir iðkendur.

Ungmennafélagskveðjur

F/h UMFL, Þorsteinn Ægir Egilsson

# Ungmennafélagið Leifur heppni

Árið 2014 byrjaði eins og öll ár hjá okkur á þrettándagleði í Skúlagarði. Eins og árið áður var ákveðið að hafa ekki brennu heldur einungis grímuball seinnipart þrettándans, þriðjudaginn 6. janúar. Skemmtunin var vel sótt og lék Sigurður Tryggvason fyrir dansi. Ungmennafélagið bauð upp á kaffi, te og djús og gestir sáu um að koma með smávegis afganga af smákökum frá jólunum og varð þetta fínasta kaffi. Aðalfundur félagsins var haldinn 22. apríl og létu Aðalsteinn Örn Snæþórsson gjaldkeri til margra ára og Stefán Viðar Sigtryggsson ritari af störfum. Guðríður Baldvinsdóttir tók við af Aðalsteini og Ágústa Ágústsdóttir tók við af Stefáni, Magnea Dröfn Hlynsdóttir situr áfram sem formaður.

Íþróttaæfingar hófust í byrjun júní og voru tvisvar í viku fram að Verslunarmannahelgi. Þjálfarar voru Friðbjörn Bragi Hlynsson og Jóhannes Guðmundsson. Ásbyrgismótið sem er helsti viðburður sumarsins hjá Ungmennafélaginu var helgina 11. - 13. júlí og gekk það vel, veðrið gott en því miður fer þátttakendum fækkandi.



10 ára og yngri í fótbolta á Ásbyrgismóti    11 - 16 ára í fótbolta á Ásbyrgismóti ásamt þjálfurum

Stjórn Leifs heppna.

# Tilnefndir til íþróttamanns Héraðssambands Þingeyinga 2014:

## Berglind Kristjánsdóttir, knattspyrna

Berglind hefur verið leikmaður meistaraflokks kvenna undanfarin ár og verið burðarás í liðinu. Hún leggur sig alltaf 100% fram á æfingum og í leikjum. Berglind er harðfylgin miðju- og sóknarmaður og er þekkt fyrir hraða og snerpu. Berglind skoraði 4 mörk í sumar. Hún var valin leikmaður sumarsins af leikmönnum meistaraflokks kvenna á lokahófi í september. Þess má geta að Berglind er mjög fjölhæfur íþróttamaður og hefur oft en einu sinni verið verðlaunuð fyrir árangur sinn bæði frjálsum íþróttum og knattspyrnu og til að mynda hlotið titilinn Íþróttamaður Húsavíkur.

Berglind er góður liðsfélagi og er vel að þessum titli komin.



## Dagbjört Ingvarsdóttir, frjálssar íþróttir

Dagbjört æfði frjálssar íþróttir í mörg ár og er alhliða góð frjálssíþróttakona. Dagbjört á um 30 héraðsmet í hinum ýmsu greinum frjálssra íþróttar bæði innanhús og utanhús. Fyrstu héraðsmetin setti hún 9 ára gömul. Síðustu ár hefur hún einbeitt sér að langstökki. Dagbjört vann langstökk skeppnina á Sumarleikum sl. sumar með stökk upp á 5,18 m og vann með yfirburðum. Á unglíngalandsmóti UMFÍ 2014 keppti Dagbjört einnig í langstökki átti þar glæsilega stökkseríu. Þar bætti hún sitt persónulega met um tæpa 30 cm. með stökk upp á 5,50 og varð þar með í 2. stæti 2 cm frá 1. sæti.



## Einar Eypórsson, glíma

Einar Eypórsson keppti á nokkrum mótum á árinu 2014 og varð m.a. í 4. sæti í Íslandsglímuni, 1. sæti í -90kg flokki í 1. umferðinni í meistaramótsröð GLÍ nú í haust og 2. sæti í opnum flokki á sama móti. Einar var valinn til að taka þátt fyrir Íslandshönd á Evrópumeistaramóti unglínglinga í Keltneskum fangbrögðum og náði þar góðum árangri. Einar er ungur og efnilegur glímumaður sem hefur alla burði til að ná glæstum árangri í þjóðaríþrótt Íslendinga, glímuni.

## Kristbjörn Óskarsson, boccia

Kristbjörn er margreyndur bocciamaður. Hann hefur til fjölda ára eða allt frá stofnun Boccia-deildar Völsungs verið í hópi okkar bestu Bocciamanna, keppt á öllum Íslands-mótum og öðrum stórmótum, bæði í einstaklings og liðakeppni, en hann er í 1. deild bæði í einstaklings og liða flokki.

Áður hefur Kristbjörn verið valinn í landslið Íslands í Boccia til að keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti sem haldið var í Reykjavík og var árangur hans góður þó ekki næði hann að komast þar á verðlaunapall.

Árið 2014 var mjög gott bocciaár hjá Kristbirni, komst hann í úrslit á flest öllum stórmótum ársins og öðrum mótum sem hann tók þátt í. Hann toppaði svo árið á Íslandsmótinu í einstaklingskeppni á Seyðisfirði s.l. haust með því að standa uppi sem Íslandsmeistari 1. deildar einstaklingskeppni. Kristbjörn er íþróttamaður sem ætíð hefur lagt mikla rækt og dugnað í íþrótt sína, og með elju og samviskusemi náð þeim árangri til fjölda ára að halda sig í hópi meðal allra bestu Bocciamanna landsins. Kristbjörn var síðan valinn Íþróttamaður Húsavíkur fyrir árið 2014.



## Kristján R. Arnarson, skotfimi

Kristján hefur keppt í skotfimi sl. 3 ár og náð góðum árangri þar. Hann er mikill keppnismaður en um leið góður fulltrúi okkar skotmanna. Kristján tók þátt í mörgum mótum árið 2014 sem haldin voru ýmist á vegum skotfélagana á Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Reykjavík. Kristján keppti í riffilgreinum og tók þátt í þremur mismunandi flokkum innan riffilgreinana á árinu 2014 þ.e. í flokki óbreyttra riffila, breyttum rifflum og benchrest rifflum. Keppti á landsmóti 50 ára í skotfimi og tók þátt í Íslandsmeistaramótinu í Benchrest sem haldið var í Reykjavíki og endaði þar í öðru sæti.

Árangur Kristjáns árið 2014 er: 6 sinnum í fyrsta sæti, 3 sinnum í öðru sæti og einu sinni í þriðja sæti.



## Sif Heiðarsdóttir, sund

Sif er efnileg stúlka og stendur sig mjög vel á æfingum. Hún hefur verið að vinna sig upp og bæta sig mikið í sundinu á síðasta ári. Á Héraðsmóttinu í okt sl stóð hún sig mjög vel, vann allar sínar greinar og vann keppnina stiga hæsta konan á móttinu. Einnig hefur hún þrisvar hlotið titilinn sundmaður Völsungs og er þetta í annað skiptið sem hún hlýtur titilinn Sundmaður HSP.

Hún hefur stundað þessa íþrótt síðan á barnsaldri og hefur alltaf staðið sig mjög vel. Hún mætir á allar æfingar, er jákvæð áhugasöm, dugleg og kappsöm. Sif keppir alltaf á öllum mótum sem eru í boði, tekur þátt í æfingabúðum og stendur sig ávallt vel. Hún er mjög samviskusöm, metnaðargjörn og dugleg stúlka, og hefur bætt sig mikið á þeim mótum sem hún hefur farið á. Fyrri partinn á árinu aðstoðaði Sif við þjálfun yngri barna á Húsavík með sínum æfingum, en sl haust fór hún í skóla á Akureyri og stundar æfingar með Sundfélaginu Óðni þar í bæ, en keppir áfram fyrir Völsung og HSP.



## Tómas Gunnarsson, bogfimi


Tómas Gunnarsson UMF Eflingu hefur stundað æfingar af miklu kappi undanfarin ár með Umf. Eflingu. Tómas náði góðum árangri árið 2014, þ.á.m. 4. sæti á Íslandsmóttinu utanhúss og 3. sæti á Reykjavíkurlíkunum sem er sterkasta mót sem haldið er á hverju ári á Íslandi.



## Viðar Njáll Hákonarson, skák

Viðar Njáll Hákonarson hefur unnið mikið að félagsmálum hjá skákfélaginu Huginn á undanförunum árum og það þrátt fyrir að tefla fremur lítið. Hann hefur tekið það að sér óumbeðinn að sjá alltaf til þess að allt sé klárt fyrir öll skákmót og skákæfingar sem félagið stendur fyrir. Hann hefur séð um akstur félagsmanna að hluta til eða öllu leyti þegar farið er í keppnisferðir til Reykjavíkur. Viðar hefur séð félaginu fyrir ókeypis aðstöðu þegar stærri skákmót hafa verið haldin í Árbót, en þrjú slík skákmót voru haldin þar á árinu 2013. Félagið kann honum sínar bestu þakkir fyrir það.

Viðar Njáll Hákonarson er því félagsmaður ársins hjá skákfélaginu Huginn og er vel að þessum titli kominn.



# UMFÍ fréttir 2014

## **Sambandsráðsfundur UMFÍ í Garðabæ**

39. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn 11. október í Garðabæ. Góð mæting var á fundinn og umræður líflegar. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, fór yfir helstu verkefni síðasta starfsárs og sagðist fyrir sína hönd og stjórnar UMFÍ vilja þakka ungmennafélögum og öllu því góða sem hefur lagt hreyfingunni lið með einum eða öðrum hætti. Á fundinum var m.a. samþykkt tillaga um að halda Vetrarlandsmót UMFÍ fyrir krakka á aldrinum 10-14 ára. Þá voru kynnt störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ og þá voru einnig kynntar tillögur að breytingum á Landsmóti UMFÍ sem unnar voru út frá niðurstöðum úr stefnumótunarfundum. Þá var Stjórnunni veitt viðurkenning fyrir glæsilegt starf og góðan árangur.

## **Vorfundur í Grindavík**

Vorfundur UMFÍ var haldinn í Hópsskóla í Grindavík 11. maí en fundinn sóttu fulltrúar aðildarféлага hreyfingarinnar. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, bauð í upphafi fulltrúa velkomna til fundarins. Af því loknu kynntu Sigurður Guðmundsson og Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúar UMFÍ, niðurstöður sem fram komu í stefnumótunarfundi um framtíð landsmóta UMFÍ. Þá fóru þau Anna Möller, forstöðumaður Evrópa unga fólksins, og Andrés Pétursson hjá Rannís yfir tækifæri sem í boði eru í Evrópuverkefnum. Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, og Gunnar Gunnarsson, formaður UÍA, upplýstu fundarmenn um verkefnið Move Week en Íþróttafélagið Höttur og sveitarfélagið Fljótaldalshérað fengu verðlaun sem eitt besta verkefnið í evrópsku „Move Week“ herferðinni 2013. Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík og Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri frístunda- og menningar sviðs, fóru síðan með gesti um íþróttasvæðið í bænum en gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað og stendur raunar enn yfir á íþróttamannvirkjum sem er orðið eitt það glæsilegasta á landinu. Að því loknu var haldið námskeið í hvatningu, viðhorfum og mannlegum samskiptum.

## **Landsmót UMFÍ 50 + 2014 Húsavík**

Dagana 20. – 22. júní var 4. Landsmót UMFÍ 50+ haldið á Húsavík. Mótshaldari að þessu sinni var Héraðssamband Þingeyinga HSP. Aðstaða til keppni á Húsavík var öll til fyrirmyndar. Þó nokkrar endurbætur voru gerðar á frjálsíþróttavellinum fyrri mótið sem ekki hafði verið haldið við í fjölmörg ár. Undirbúningur fyrir mótið stóð yfir í nokkra mánuði og gekk mjög vel. Keppt var í 18 keppnisgreinum og var þátttaka aðeins meiri en árinu áður eða rétt yfir fjögurhundruð keppendur. Greinilegt er að áhugi er fyrir þessu móti sem á eftir að vaxa á næstu árum. Mikið var lagt uppúr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu. Keppendur og gestir skemmtu sér konunglega í blíðskapar veðri alla helgina og fóru glaðir og sælir til síns heima.

## **Unglingalandsmót UMFÍ 2014 á Sauðárkróki**

Óhætt er að fullyrða að 17. Unglingalandsmót UMFÍ hafi tekist vel í alla staði. Keppendur voru um 1.500 talsins og er það töluverð fjölgun frá mótinu sem var haldið á Sauðárkróki árið 2009. Mótssvæðin voru öll til fyrirmyndar enda lagði Sveitarfélagið Skagafjörður töluverða vinnu í að gera þau sem best úr garði. Mikið var lagt í afþreyingu á mótinu og tókst öll sú dagskrá afar vel. Fjölmargir frábærir tónlistarmenn tóku þátt í dagskránni ásamt öðru listafólki. Risatjald UMFÍ var á miðju afþreyingarsvæðinu sem nefnt var Landsmótsþorpið og þar skemmtu ungmennin sér frá morgni til kvölds. Mótssetning og mótsslit gengu einnig vel fyrir sig en aðeins var breytt út af fyrri venjum og reynt að taka tillit til óska ungmenna eins og mögulegt var.

### **Ungt fólk og lýðræði**

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin dagana 9.-11. apríl á Ísafirði. Þema ráðstefnunnar var „stjórnsýslan og við – áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna. Að þessu sinni sóttu um sjötíu þátttakendur ráðstefnuna og þótti hún takast mjög vel. Skemmt frá því að segja að hópurinn varð veðurtepptur á Ísafirði eina nótt en með aðstoð góðra manna gekk allt upp og það gaf að fljúga daginn eftir. Héraðssamband Vestfjarða (HSV) og Ísafjarðarbær voru gestgjafar ráðstefnunnar að þessu sinni og komu að undirbúning hennar í samstafi við UMFÍ.

### **Sýndu hvað í þér býr**

Námskeiðin Sýndu hvað í þér býr voru haldin á nokkrum stöðum um landið. Sýndu hvað í þér býr var haldið á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði og samkvæmt mati á ráðstefnunni þóttu námskeiðin góð. Ungmennaráð sveitarfélagsins í Garði kom á námskeið um miðjan apríl. Ný stofnað Ungmennaráð Grundarfjarðar fékk námskeið á haustdögum og í lok september fór fram námskeið hjá Ungmennafélagi Selfoss.

### **Við erum öll fyrirmynd**

Við erum öll fyrirmynd er verkefni sem miðar af því benda fólki á háttvísi þegar kemur að þátttöku barna í íþróttastarfi. Veggspjald hefur verið útbúið sem var kynnt á Unglingalandsmótinu á Sauðarkróki en það stendur til að útbúa efnið á álplötur og koma þeim sem víðast út í hreyfinguna.

### **Forvarnarmál**

Stýrihópur vegna forvarnardags Forsetans hefur hóf undirbúning fyrir daginn sjálfan í byrjun maí. Fundir hafa voru haldnir reglulega en Forvarnadagurinn sjálfur var haldinn 1.október. Stýrihópurinn lagðist í endurgerð á myndbandi sem kynnir fjöldahreyfingarnar sem koma að deginum sjálfum. Myndbandið var frumflutt á forvarnardaginn sjálfan.

### **Stefnumótun Landsmóta**

Eins og samþykkt var á síðasta sambandsþingi UMFÍ fór af stað fundarherferð eftir áramótin vegna stefnumótandi vinnu um framtíð Landsmóta UMFÍ. Á fundunum var kallað eftir álit og hugmyndum fólks úr hreyfingunni um hvernig mótin eigi að þróast og í hvaða farveg þau eigi að fara. Ágæt mæting var á fundina sem haldnir voru í öllum landsfjórðungum og komu fram ýmsar hugmyndir um framtíð mótanna.



Fyrsti fundurinn í herferðinni var í Borgarnesi 30. janúar þar sem fundað var með UMSB, HSH, UDN, USVH og USK. 27. febrúar var fundað á Akureyri með HSP, UÍF, USAH, UMSE, UMSS og UFA. 5. mars var fundað í Reykjavík með UMSK, Keflavík, Grindavík, UMFK, Njarðvík, Fjölni, Vesturhlíð, UV og UMFÞ. Fjórði fundurinn var haldinn 19 mars á Selfossi með HSK, USVS og UMFÓ. Þann 26. mars var fundað með UÍA og USÚ á Egilsstöðum. Síðasti fundurinn í var haldinn 9. apríl á Ísafirði með HSB, HSS, HSV og HHF.

### **Fundir til stjórnar sambandsaðila**

Fundir með stjórnnum aðildarfélaganna UMFÍ voru haldnir víða um land á síðasta ári. Á fundunum var starfsemi félaganna og framtíðarsýn rædd. Ennfremur var farið yfir viðburði, tækifærin og annað tengdu starfinu. Vel tókst til með þessa fundi, starfið innan þessara sambanda er mikið og er góður hugur í fólki á þeim stöðum sem heimsóttir voru. Fyrirhugaðir eru fundir með stjórnnum sambandsaðila á næstu mánuðum. Frá áramótum fram á vorið var fundað með UÍA, UMFN, HHF, HSK, HSS, UÍF, UMSE, USÚ og USVS.

### **Skinfaxi**

Auk fjögurra tölublaða af Skinfaxa á síðasta ári var ákveðið að gefa út að auki blöð í dagblaðsformi í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík og Unglingalandsmótið á Sauðárkróki. Blöðin voru prentuð í stærra upplagi en hefðbundin blöð og þeim dreift víðar, m.a. í byggðarlögum í nágrenni við landsmótsstaðanna. Heilt yfir gekk vinnan við Skinfaxa á árinu vel, efnistökin voru vönduð og söfnun auglýsinga gekk með ágætum. Í samvinnu við útgáfunefnd hafa breyttar áherslur við efnistökin og annað lítið dagsins ljós. Eftir sem áður verður lögð áhersla á að hafa blaðið líflegt með góðu efni úr hreyfingunni.

### **Hreyfivika – Move Week**

Hreyfivikan MoveWeek, sem fram fór dagana 29. september til 5. október, tókst mjög vel í alla staði og var almenn ánægja með verkefnið. Ungmennafélag Íslands náði markmiðum sínum því atburðir voru um 250 á landinu öllu og yfir 15.000 mans tóku þátt. Til samanburðar voru um 50 viðburðir á Íslandi í Hreyfivikunni árið 2013 og markmiðið var að fjölga viðburðum um helming. Hreyfivikan fór fram með ýmsum hætti í 45 þéttbýliskjörnum á landinu og sneið hvert samfélag sér stakk eftir vexti. Hreyfivikan er hluti af „The NowWeMove 2012-2020“, herferð ISCA (International Sport and Culture Association), sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum til heilsubóta.

### **NSU**

Aðalfundur NSU var haldinn í lok apríl í Noregi. Gunnar Gunnarsson og Jörgen Nilsson sátu fundinn ásamt Sabínu Steinunni Halldórsdóttur landsfulltrúa. Ungmennavika NSU fór fram í Noregi að þessu sinni á vegum Norsk Frilynt. Þema vikunnar að þessu sinni var leikhús, kvikmyndagerð og menning tengt norrænum glæpasögum. Sextán ungmenni allstaðar af landinu sóttu vikuna að þessu sinni og almenn ánægja var með ferðina. Leiðtogaskóli NSU var haldinn dagana 4.-10. ágúst sl. af Føroya Ungdómsráð, FUR og fór skólinn fram í Selstæd. Þema leiðtogaskólans í ár var nýsköpun, hugmyndavinna og efling ungs fólks á norðurlöndum. Fimm ungmenni sóttu leiðtogaskólann í ár þar af tveir verðandi starfsmenn Ungmennabúða UMFÍ að Laugum. Reglulega tekur Sabína landsfulltrúi á móti erlendum gestum sem vilja kynna sér starfssemi UMFÍ. Á árinu hafa komið gestir frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Rúmeníu sem eru í samstarfi við UMFÍ á einn eða annan hátt í gegnum ISCA og eða NSU.

## **Evrópa unga fólksins**

Í upphafi árs 2014 var skrifað undir samning á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ungmennafélags Ísland um áframhaldandi rekstur Evrópu unga fólksins til ársins 2020. Ný áætlun Erasmus+ hófst í ársbyrjun. Áfram er hægt að sækja um styrki til flestra þeirra verkefna sem hægt var að sækja um styrki til á árunum 2007 – 2013 og auk þess hafa nú opnast möguleikar til að sækja um styrki til stærri samstarfsverkefna til lengri tíma, verkefna sem geta hlotið allt að rúmum 20 milljónum króna í styrk á ári í 2 – 3 ár. Á árinu 2014 úthlutaði Evrópa unga fólksins styrkjum til fjölbreyttra verkefna að upphæð 198 milljónum króna.

## **Ungmennaráð**

Ungmennaráð UMFÍ er með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Þetta eru líflegir og skemmtilegir fundir enda eldmóður í þeim. Ráðið stóð fyrir Leiðtogasólarhring í byrjun nóvember fyrir upprennandi leiðtoga úr hreyfingunni.

## **Æskulýðsvettvangurinn**

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV), samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar stóð fyrir góðu og öflugum starfi árið 2014. Eins og undanfarin ár var unnið að yfirmarkmiði ÆV, að tryggja enn betur öryggi og velferð barna og ungmenna í aðildarfélögum ÆV og treysta stöðir faglegs starfs. Markmið og tilgangur ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Öll aðildarfélög vinna að öflugum starfi með börnum og ungu fólki og er það hagur þeirra allra að vinna saman að málefnum barna.

## **Ganga.is**

Ganga.is hefur staðið fyrir sínu undafarin ár. Fjölmarginir heimsækja vefinn á hverjum mánuði. Flestar heimsóknir eru samt sem áður yfir sumarmánuðina. Vefsíðan hefur að geyma fjölmargar gönguleiðir um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Einnig er að finna sundstaði á landinu, golfvelli sem og fjallaskála. Á síðunni er einnig hægt að halda utanum eigin hreyfingu allt árið í tengslum við verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga!. Einnig er hægt að skrá þau fjöll sem gengið er uppá og halda þannig skrá yfir þær upplýsingar.

## **Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga!**

Verkefni Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert 5. júní og lýkur 15 september. Öllum er heimil þátttaka, Óháð aldri. Verkefni gengur út á að þátttakendur skrái hreyfingu sína inn á ganga.is eða þau fjöll sem gengið er á. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig sem mest og ýta undir aukna samverustundir fjölskyldunnar.

## **Fjölskyldan á fjallið**

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem UMFÍ hefur verið með í nokkur ár. Verkefni hefur gengið mjög vel enda margir sem taka þátt í verkefninu ár hvert. Verkefnið gengur út á að Sambandsaðilar tilnefna fjöll í verkefnið. Í ár voru tuttugu og eitt fjall í verkefninu. Sambandsaðilar auglýsa göngur upp á fjöllin og fara með póstkassa þangað upp. Fólk er hvatt til að skrifa nöfn sín í bókina þegar toppnum er náð. Í lok

verkefnisins eru heppnir þátttakendur dregnir út og fá verðlaun. Fjölskyldur eru hvattar til að ganga á fjöll sem eru tilnefnd og skrifa nöfnin sín í bækurnar.

### **Göngubókin Göngum um Ísland**

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undafarin ár. Bókin er alls 128 síður. Þar eru lýsingar á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið. Í bókinni er einnig er að finna 21 fjall. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik, t.d um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni var dreift á alla helstu ferðamanna staði, sundstaði og íþróttahús.

### **Frjálsíþróttaskóli UMFÍ**

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var stafræktur á fjörum stöðum í sumar, Borgarnesi, Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og á Selfossi. Mjög góð þátttaka var á öllum stöðum í ár. Aldrei hafa t.d. fleiri mætt í skólinn á Selfossi eins og í sumar. Skólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11 -18 ára. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum. Auk frjálsra íþróttar er farið í sund, leiki, óvissuferðir og haldnar kvöldvökur. Ungmennin láta mjög vel af dvölinni og koma sömu ungmennin ár eftir ár í skólann.

### **Eldri ungmennafélagar**

Verkefnum tengd eldri ungmennafélögum er alltaf að fjölga. Greinilegt er að mikil þörf er á að sinna þessum hópi. Mikil vakning er í hreyfingu eldri ungmennafélaga sem má að einhverju leiti þakka Landsmóti UMFÍ 50+. Nefnd eldri ungmennafélaga sinnir ýmsum verkefnum eins og t.d. útbreiðslu á hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir eldra fólk. Mikilvægt er að hitta þá hópa sem eru áhugasamir um hreyfingu hverskona til að koma þeim af stað í reglulegar æfingar. Nokkrar ferðir voru farnar í vor til kynna hvað er í boðið fyrir eldri ungmennafélaga og til að kynna um leið Landsmót UMFÍ 50+. Ljóst er að þessar ferðir hjálpuðu til við að auka þátttöku á Landsmóti UMFÍ 50+ á Húsavík.

### **Ungmenna- og tómsundabúðir að Laugum**

Aldrei hefur aðsókn verið meiri í Ungmennabúðirnar en um vorið höfðu 1650 nemendur tryggt sér dvöl sem aldrei hefur gerst áður. Búast má við 2000 nemendum á yfirstandi starfsári. Það sama má segja um önnur verkefni og helgarhópa enda er staðurinn orðin þekktur fyrir að vera með flotta aðstöðu og gott útisvæði fyrir ýmsa útivistarhópa. Í ágúst dvöldu sjálfboðaliðar frá Seeds í þrjár vikur að Laugum við uppbyggingu á Lillulund, lágþrautabraut og við að merkja gönguleiðir í kring. Útisvæðið hefur tekið miklum breytingum til hins betra. Sjón er sögu ríkari.

### **Þrastaskógur**

Það er samdóma álit þeirra sem reglulega fara um skóginn að hann hafi sjaldan verið í eins góðu ástandi og einmitt núna. Vinnuhópur frá Landsvirkjun klippti greinar meðfram stígum auk þess sem rauðamöl var borin í þá þar sem það átti við. Fimleikadeild Umf. Selfoss hreinsaði rusl við stíga og kring um hús. Félagar úr Vesturhlíð fjarlægðu „skógarvarðarhúsið“ úr skóginum og varð nokkuð rask af því en búið er að þrifa það svæði og koma í ásætlanlegt horf. Búið er að bæta salernisaðstöðu og af framtíðar verkefnum má minnst á að til stendur að grísa skóginn og gera braut með fram Soginu að tjaldstæðinu sem yrði fær hjólastólum.

### **Framtíðin**

Framtíðin er leiðarvísir varðandi áherslur í þjálfun barna og ungmenna. Framtíðin byggist á hugmyndafræði þar sem grunnáhersla er á félagssálfræðilega þjálfun. Framtíðin er í grunninn ætlað þjálfurum félaga en er kynnt öllum sem koma að starfi félags. Síðastliðinn vetur var verkefnið prófað með UMF. Aftureldingu í Mosfellsbæ í samstarfi við Viðar Halldórsson.

### **Umhverfismál**

Í umhverfisnefnd er m.a. verið að endurskoða umhverfisstefnu samtakanna. Hugmyndavinna er í gangi um umhverfisverkefni á landsvísu en í mörg horn er að líta þegar slík verkefni eru í vinnslu. Eins og jafnan tók UMFÍ þátt í degi íslenskrar náttúru sem haldinn er 16. september ár hvert og var stofnaður 2010. Eru einstaklingar, skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hvött til hafa daginn í huga í starfsemi sinni.